

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Aragötu 14
Sími: 525 4535/525 4500
Fax: 525 4096
Heimasíða: www.ioes.hi.is
Tölvufang: gunnarha@hi.is

Skýrsla nr. R08:01

Íslenskir fjölmiðlar og netbólan

Desember 2008

Íslenskir fjölmiðlar og netbólan

eftir Gylfa Magnússon, dósent

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Útdráttur	3
Summary.....	3
1. Fjölmiðlar og bólur á hlutabréfamörkuðum.....	4
2. Íslenskir fjölmiðlar og viðskipti	5
3. Almennigur verður hluthafi	10
4. Greining annarra á áhrifum skrifa íslenskra fjölmiðla um viðskipti.....	11
5. Íslensk netbólufyrirtæki.....	13
6. Umfjöllun íslenskra fjölmiðla um fyrirtækin þrjú.....	14
6.1 Fjölmiðlarnir.....	14
6.1 Þróun umræðu: Uppgangstími – samkeppnisforskot og frumkvöðlar	16
6.2 Þróun umræðu: Samdráttartími – tap og bruni lausafjár	21
6.3 Framsetning umfjöllunar – mismunandi áherslur fjölmiðla	22
6.4 Umfjöllun um netbólu.....	24
7. Niðurstaða.....	25
Heimildir	27
Gagnasöfn sem stuðst var við	28
Viðauki A: Umfjöllun um Softis	29
Viðauki B: Umfjöllun um Oz.....	32
Viðauki C: Umfjöllun um Íslenska erfðagreiningu/deCode	41
Viðauki D: Umfjöllun um netbólu.....	53
Viðauki E: Fréttir og greinar í dagblöðum og tímaritum, í tímaröð	56

Útdráttur

Í þessari grein er fjallað um hlutverk íslenskra fjölmiðla í vexti hinnar svokölluðu netbólu á tíunda áratug síðustu aldar og hruni hennar í upphafi nýrrar aldar. Sérstaklega er skoðuð umfjöllun fjölmiðla um þrjú fyrirtæki, Softis, Oz og Íslenska erfðagreiningu / deCode. Sérstaklega er til athugunar hvort fjölmiðlar hafi ýtt undir bóluna með því að búa til væntingar um mikinn hagnað af þessum fyrirtækjum. Þá er skoðað hve vel ferlið á Íslandi fellur að líkönum fræðimanna sem skoðað hafa sambærileg ferli erlendis. Meðal niðurstaðna er að íslensku fjölmiðlarnir ýttu tvímælaust undir væntingar um hagnað af rekstri fyrirtækjanna þriggja og gerðu þeim kleift að selja hlutabréf til almennings. Umfjöllun og áhrif íslensku fjölmiðlanna skera sig ekki úr í samanburði við það sem fram hefur komið við rannsókn á eignamörkuðum annars staðar.

Summary

This article looks at the role that the Icelandic media played in the growth of the so-called technology bubble in the nineties and its subsequent decline or collapse in the first years of the new millenium. The focus is on the coverage of three companies in particular, Softis, Oz and Íslensk erfðagreining / deCode. The analysis includes determining whether the media contributed to the bubble by building up expectations of great profit by these companies. The process in Iceland is compared to models by previous researchers that have analysed comparable processes in other countries. Among the conclusions is that the Icelandic media did without a doubt contribute to high expectations regarding the profitability of the three companies and allowed them to sell stock to the public. The coverage and influence of the Icelandic media seems comparable to that of media in asset markets in other countries.

Inngangur

1. Fjölmiðlar og bólur á hlutabréfamörkuðum

Verðbólur á eignamörkuðum, eins og t.d. hlutabréfamörkuðum, eru eitt af þeim fyrirbrigðum efnahagslífsins sem mest hefur verið skrifað um. Skilningur á eðli þeirra virðist vera nokkuð góður, þótt hann komi ekki í veg fyrir að slíkar bólur rísi og hjaðni. Hagsögufraeðingurinn Charles P. Kindleberger lýsti þróun bólu í fimm þrepum sem oft er miðað við (Kindleberger og Aliber 2005):

- 1) *Endurnýjun*. Einhverjar breytingar á efnahagssumhverfinu búa til nýja möguleika til að hagnast.
- 2) *Ofsakæti* (euphoria). Von um og trú á sífellt aukinn hagnað veldur örri verðhækkun.
- 3) *Æði eða bóla*. Vonin um gengishagnað laðar að viðkomandi markaði nýja og óreynda fjárfesta og kaupahéðna sem gera sér vonir um að hagnast á því að féfletta þá.
- 4) *Ótti*. Innherjar átta sig á því að hagnaður frá rekstri getur aldrei staðið undir himinháu eignaverði. Þeir innleysa hagnað með sölu.
- 5) *Hrun*. Eignaverð lækkar. Þeir sem ekki eru innherjar átta sig og reyna að losa stöður sínar í ofvæni. Bólan springur.

Eitt af því sem mestu máli skiptir við myndun á verðbólum á mörkuðum er flæði upplýsinga. Til að næra verðbólú þarf að ýta undir áhuga kaupenda á viðkomandi markaði með einhverjum hætti. Þrep 2) og 3) að ofan krefjast *endurgjafar* (e. feedback), þ.e. fréttir af hækkun þurfa að berast út, til að valda enn meiri hækkun, auk þess sem markaðurinn þarf að fréttast af breytingum á þrepi 1). Þannig getur verðhækkun í fortíð laðað að fleiri kaupendum eða hvatt þá sem fyrir eru til enn meiri kaupa og það ýtt undir enn frekari verðhækkun. Sama ferli, með öfugum formerkjum, skiptir máli í þrepum 4) og 5).

Ýmsir fræðimenn hafa í þessu samhengi hugað sérstaklega að hlutverki fjölmiðla á vaxtarskeiði verðbólú.¹ Robert J. Shiller bendir á það í bók sinni *Irrational Exuberance* (Shiller, 2000, bls. 71) að verðbólur á mörkuðum séu nokkurn veginn jafngamlar dagblöðum. Að mati Shiller geta fjölmiðlar engan

¹ Aðrir leggja minni áherslu á þátt fjölmiðla í að magna upp bólur en meiri á aðra þætti, eins og t.d. vöxt peningamagns og hlutverk seðlabanka. Sjá t.d. Cooper (2008). Hér verður hins vegar fyrst og fremst horft á hlutverk fjölmiðla, án þess að með því sé dregið úr mikilvægi annarra þátta.

vegin talist hlutlausir áhorfendur að mörkuðum sem miðla eingöngu staðreyndum til almennings. Umfjöllun þeirra hefur veruleg áhrif á þátttakendur á mörkuðum og þar með m.a. verð. Staðreyndirnar sem fjölmiðlar segja frá skipta vitaskuld máli sem slíkar en Shiller telur þó allt of einfalda nálgun að gera ráð fyrir að þátttakendur á mörkuðum bregðist einfaldlega við þeim, án þess að taka tillit til þess hvernig staðreyndunum er miðlað (Shiller, 2000, bls. 95). Tetlock (2007) kemst að svipaðri niðurstöðu. Hann skoðar áhrif tiltekins greinaflokks í Wall Street Journal á hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum. Niðurstaða hans er m.a. að áhrif umfjöllunar fjölmiðla á markaði falli ekki vel að hefðbundnum forsendum um skilvirka markaði (Efficient Market Hypothesis) sem bregðast eingöngu og sjálfkrafa við upplýsingum. Hann bendir sérstaklega á að bjartsýni eða svartsýni í fjölmiðlaumfjöllun virðist hafa raunveruleg áhrif á verðþróun. Veldkamp (2006) kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að fjölmiðlaumfjöllun geti dregið fjárfesta að tilteknum markaði og hækkað verð á honum, án þess að víkja þurfi frá hefðbundnum forsendum um skilvirka markaði.

Galbraith (1990) leggur talsverða áherslu á að rekja hvernig hugmyndir um nýjungar sem breyta forsendum efnahagslífsins spretta upp og geta orðið kveikjan að verðbólum, sbr. þrep 1) hjá Kindleberger. Hann nefnir sem dæmi járnbrautasamgöngur á 19. öld. Trú manna á að þær myndu gerbreyta hagkerfi Bandaríkjanna og skila miklum hagnaði til fyrirtækja sem tengdust þessum samgöngum varð til þess að verð á hlutabréfum í slíkum fyrirtækjum snarhækkaði. Það gekk eftir að járnbrautirnar höfðu mikil áhrif á hagkerfið en hins vegar varð lítið til af þeim hagnaði sem menn höfðu vonast eftir hjá fyrirtækjum í þessum geira. Galbraith bendir á að á uppgangstímum eigi bjartsýnismenn auðvelt með að ná eyrum almennings en hins vegar sé lítt fallið til vinsælda að viðra efasemdir og tekur m.a. um það dæmi af sjálfum sér. Á uppgangstímum hampa fjölmiðlar og almenningur þeim sem eru í forystu bólufyrirtækjanna. Eftir að bólan hefur sprungið sé hins vegar næsta víst að almenningsálitið snúist í þveröfuga átt.

2. Íslenskir fjölmiðlar og viðskipti

Í þessari grein er einkum horft til umfjöllunar íslenskra fjölmiðla um þrjú fyrirtæki, Softis, Oz og Íslenska erfðagreiningu (deCode) en öll höfðu þau sterk

einkenni bólufyrirtækja. Þau voru öll að fást við nýstárlega og óvenjulega hluti og vaxtarmöguleikar og hagnaðarmöguleikar virtust mjög miklir, sbr. þrep 1) hjá Kindleberer. Þau skiluðu ekki hagnaði en hlutabréfaverð varð engu að síður mjög hátt um tíma en hrundi síðan. Þá er skoðuð umfjöllun íslenskra fjölmiðla um netbóluna sjálfa almennt. Fyrstu fréttirnar eða greinarnar sem eru til skoðunar eru frá fyrstu árum Softis og Oz, í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar og fylgst er með umfjölluninni allt fram til loka ársins 2003, nokkru eftir að netbólán er sprungin.

Íslenskir fjölmiðlar hafa frá upphafi flutt fréttir af viðskiptalífínu með öðrum fréttum. Sérhæfð umfjöllun um viðskiptalífið sem einkum er ætluð stjórnendum og öðrum sem hafa töluverða þekkingu á viðskiptum og efnahagsmálum var hins vegar lítt áberandi fyrr en á níunda áratug tuttugustu aldar. Helsta undantekningin var tímaritið Frjáls verslun, sem komið hefur út nær óslitið frá því í janúar 1939. Þá má einnig nefna að Landsbankinn og síðar Seðlabankinn gáfu út ritið Fjármálatíðindi á árunum 1954 til 2007 en það var fyrst og fremst ætlað sérfræðingum.

Aukinn áhugi almennings á viðskiptalífínu, þ.á m. hlutabréfamarkaðinum, á níunda og tíunda áratuginum hélst í hendur við aukna og sérhæfðari umfjöllun fjölmiðla um viðskipti og efnahagsmál. Kaupþing hóf í júlí 1983 útgáfu á vikuritinu Vísbendingu. Ritið var allt frá upphafi einkum ætlað stjórnendum og sérfræðingum í atvinnulífi en ekki almennungi. Morgunblaðið hóf í janúar 1985 útgáfu á sérriti um viðskipti, sem enn kemur út. Töluvert var fjallað um þann vísí sem kominn var að hlutabréfamarkaði í viðskiptablaði Morgunblaðsins á upphafsárum þess.² Ýmis fjármálafyrirtæki birtu jafnframt kaup- og sölutilboð í hlutabréf og önnur verðbréf í blaðinu.

Í apríl 1994 hóf síðan Viðskiptablaðið göngu sína, fyrst sem vikurit en síðar var útgáfudögum fjölgað. Líkt og nafnið gefur til kynna fjallar blaðið fyrst og fremst um viðskiptalífið og höfðar einkum til stjórnenda. Það hefur þó mun meiri útbreiðslu en sérhæfðari rit eins og Vísbending og Fjármálatíðindi. Stuttu eftir að

² Upphafi íslenska hlutabréfamarkaðsins er lýst í Gylfi Magnússon (2007).

útgáfa Viðskiptablaðsins hófst tók RÚV á dagskrá sérstakan sjónvarpsþátt um viðskiptalífið, Viðskiptahornið. Áhorf á þáttinn virðist hafa verið fremur lítið, a.m.k. í fyrstu (Ríkisendurskoðun, 1995, bls. 76) en þó var honum haldið úti allt til ársins 1998.

Umfjöllun fjölmiðla um hlutabréfamarkaðinn náði hámarki á árunum 1999 og 2000, þegar mikill uppgangur var á hlutabréfamarkaði, jafnt hérlendis sem erlendis. Innlendar fjármálastofnanir tóku ein af annarri að gefa út dagleg fréttabréf á síðari hluta tíunda áratugarins auk þess sem þau gáfu út ýmist annað efni svo sem spár um þróun efnahagsmála og mat á verðmæti einstakra fyrirtækja.


Sérstaklega var mikill áhugi á alls konar net- og líftæknifyrirtækjum. Ný sjónvarpsstöð, Skjár 1, hóf útsendingar 1999 og setti mjög fljótlega á dagskrá vikulegan þátt með heitinu Skotsilfur. Stöð 2 fylgdi á eftir ári síðar með líkan þátt undir heitinu Peningavit. Ríkissjónvarpið lét heldur ekki sitt eftir liggja og hafði svipaða umfjöllun sem fastan lið í þættinum Kastljós. Nokkru áður hafði verið tekið upp á því á þeirri stöð að fara yfir helstu hlutabréfavísitölur í lok fréttatíma og tilgreina hvaða félög höfðu hækkað eða lækkað mest þann daginn.

Umfjöllun um hlutabréfamarkað í fjármálaþáttum íslensku sjónvarpsstöðvanna byggði oft á því að fá nokkra sérfræðinga til að fjalla um markaðinn og ráðleggja um kaup á hlutabréfum. Síðan voru fluttar fréttir af því hvernig ráðleggingarnar hefðu reynst með því að skoða verðþróun viðkomandi eigna.

Morgunblaðið sýndi sömuleiðis hlutabréfamarkaðinum mikinn áhuga. Talning í gagnasafni blaðsins leiðir þannig í ljós að fréttum eða greinum þar sem orðið *hlutabréf* kemur fyrir fór sífellt fjölgandi allan tíunda áratuginn. Hámarki náði fjöldinn árin 1999 og 2000 en hvort ár kom þetta orð fyrir í rétt tæplega 1.000 greinum eða fréttum í blaðinu. Síðan dró aftur úr umfjöllun um hlutabréf og árin 2002 til 2007 voru að jafnaði um 500 greinar eða fréttir á ári þar sem orðið *hlutabréf* kom fyrir. Sjá nánar mynd 1.

Athyglisvert er að fjöldi greina eða fréttar þar sem þetta orð kemur fyrir þróast á mjög svipaðan hátt í Morgunblaðinu í heild og í sérstöku fylgiriti þess

sem fjallar um viðskipti. Flest árin eru um þrjár af hverjum fjórum greinum eða fréttum þar sem orðið kemur fyrir birtar í öðrum hlutum blaðsins en þeim sem ætlaður er sérstaklega fyrir umfjöllun um viðskipti. Þetta bendir til þess að greinar eða fréttir þar sem minnst var á hlutabréf hafi verið taldar eiga erindi við almenna lesendur en ekki eingöngu sérfræðinga og stjórnendur og aðra sem eru líklegir til að lesa sérrit um viðskipti.



Mynd 1. Fjöldi greina eða fréttu í Morgunblaðinu og Vísbendingu þar sem orðið *hlutabréf* kemur fyrir.

Ekki er hlaupið að því að gera sambærilega úttekt á öðrum dagblöðum á Íslandi á þessum tíma því að þau eru ekki aðgengileg á rafrænu formi þannig að hægt sé að beita leitarvél.³ Það sama á við um tímarit, með einni undantekningu þó, vikuritið Vísbending. Vísbending er til á rafrænu formi allt frá upphafi, árið 1983, til ársins 2006. Talsvert misjafnt er á milli ára hve oft greinar þar sem

³ Dagblaðið Vísir er til skannað á timarit.is frá 1981 til 2003 en orðaleit er ekki í boði eftir 1995. Talning á greinum og fréttum í blaðinu frá tímabilinu 1986 til 1994 þar sem orðið *hlutabréf* kemur fyrir leiddi ekki í ljós miklar sveiflur á milli ára. Fréttablaðið er einungis til á rafrænu formi frá árunum 2001 til 2002. Dagur er til í rafrænu formi frá október 1997 til mars 2001 en ekki er hægt að leita eftir orðum í blaðinu á vef timarit.is.

orðið hlutabréf kemur fyrir birtust í Vísbendingu á þessum tíma. Flestar urðu greinarnar á árunum 1991 til 1994 eða nær ein grein í viku að meðaltali.⁴ Síðan fækkaði slíkum greinum. Ólíkt Morgunblaðinu og sjónvarpsstöðvunum var umfjöllun um hlutabréf ekkert sérstaklega áberandi í Vísbendingu árin 1999 og 2000.

Áhugi á hlutabréfum og netviðskiptum kom víðar fram en í fjölmiðlum. Sem dæmi um það má nefna að í febrúar 2001 var tekið að bjóða upp á MBA nám í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík með áherslu á stjórnun og rafræna viðskiptahætti (*e-commerce*). Námið var hluti af alþjóðlegu samstarfi sem kallaðist GEM, en það var skammstöfun fyrir „Global eManagement“. GEM samstarfið lognaðist út af nokkru síðar, þegar netbólan var sprungin og áhugi á slíku námi hafði dvínað mjög.

Áhugi fjölmiðla á hlutabréfamarkaði snarminnkaði einnig að því er virðist þegar verr tók að ára á þessum markaði. Þættirnir Skotsilfur og Peningavit fóru báðir í sumarfrí vorið 2001 og hafa ekki sést síðan. Umfjöllun Morgunblaðsins um hlutabréf dróst saman á svipuðum tíma, eins og fyrr var frá greint. Fréttir af hlutabréfamörkuðum, hvort heldur er innan eða utan lands, voru ekki lengur skemmtilegar. Netbólan svokallaða var sprungin með látum.

Árin 2000 og 2001 skilaði íslenskur hlutabréfamarkaður neikvæðri ávöxtun, um 20% hvort ár. Lækkunarhrinin stóð frá febrúar 2000 til ágúst 2001. Raunávöxtun Úrvalsvísitölunnar, án arðs, það tímabil var -46%, þ.e. hlutabréf lækkuðu um nær helming að raunvirði. Árin fimm á undan, 1995-1999, hafði hins vegar verið mikill uppgangur og meðalraunávöxtun á ári verið hátt í 30%. Gengi krónunnar var jafnframt á hraðri niðurleið. Það tók að lækka í júní árið 2000 og lækkaði allt þangað til í desember 2001. Samtals lækkaði gengið um nær 30%, sé miðað við gengisvísitölu krónunnar. Örust var lækkunin í kjölfar þess að Seðlabankinn gafst upp á að halda gengi krónunnar stöðugu og skipti yfir í verðbólgaumarkmið í lok mars 2001.

⁴ Vísbending er gefin út í litlu broti, A4, 4 blaðsíður hvert tölublað, fyrir utan sérstakt jólahefti, sem er stærra, og iðulega nær sama greinin yfir fleiri en eina blaðsíðu. Leitarvélina skiptir blaðinu í þrennt, forsíðu, miðopnu og baksíðu, og er sama greinin talin tvisvar ef orðið hlutabréf kemur fyrir í henni í tveimur blaðhlutum. Ekki var talin ástæða til að leiðrétta fyrir þessu.

3. Almennigur verður hluthafi

Umfjöllun fjölmiðla um hlutabréfamarkað árin 1999 og 2000 endurspeglar að því er virðist mikinn áhuga almennings á hlutabréfum en ýtti auk þess án efa verulega undir hann. Þessi tvö ár fengu fleiri skattgreiðendur skattaflátt vegna hlutabréfakaupa en nokkur önnur ár sem sá afsláttur var í boði. Rétt ríflega 20.000 framteljendur sóttu um slíkan afslátt hvort ár sem var meira en tvöföldun frá því árið 1996 (Hagstofa Íslands). Eftir 2000 fækkaði slíkum umsóknnum talsvert og nokkru síðar var hætt að veita þennan afslátt. Áhuga Íslendinga á hlutabréfum á þessum tíma má einnig sjá með því að skoða tölur um viðskipti með hlutabréf í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Veltan nær sextánfaldaðist á tveimur árum, frá 1998 til 2000, fór úr 12,7 milljörðum króna í 198,9 milljarða. Árið 2001 dróst hún tímabundið saman aftur, í 138,3 milljarða, en síðan tók hún að vaxa á ný (Seðlabanki Íslands).

Auk hlutabréfaafsláttarins þá ýttu nokkur almenn útboð á hlutafé í íslenskum fyrirtækjum undir hlutabréfakaup almennings undir lok tíunda áratugarins. Mestu skipti sala á hlutabréfum í eigu ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka. Mikil spurn var eftir bréfum í útboðunum og að jafnaði buðust fjárfestar til að kaupa mun meira hlutafé en í boði var. Varð þá til hugtakið *kennitölusöfnun* en það orð var fyrst notað í Morgunblaðinu í nóvember 1998 og þá haft eftir þáverandi viðskiptaráðherra. Mikil umræða var um þessi viðskipti í fjölmiðlum. Mest voru lætin vegna sölu á hlutafé í Búnaðarbankanum í desember 1998. Þá skráðu um 93.000 manns sig fyrir hlutabréfum eða um þriðjungur þjóðarinnar. Af þeim höfðu þó um 30.000 framselt sínar kennitölur til annarra og keyptu ekki sjálfir hlutabréf. Í þessu útboði var eftirspurnin 122 falt framboðið og fékk því hver og einn einungis að kaupa fyrir lága upphæð.

Hlutafélögum fjölgaði einnig í Kauphöll Íslands á þessum árum. Í lok ársins 2000 voru 65 hlutafélög skráð þar með samanlagt markaðsvirði 377 milljarðar króna. Auk þess voru tíu hlutabréfasjóðir skráðir með samanlagt markaðsvirði rétt rúmum 20 milljarðar króna. Hluthafar voru samanlagt 184.000

eða sem samsvaraði tveimur þriðju þjóðarinnar.⁵ (Árbók Kauphallar 2001). Fjórum árum síðar, í lok árs 2004, hafði skráðum félögum fækkað talsvert og hluthöfum fækkað um meira en þriðjung, þeir voru þá um 113.000. Innlendir einstaklingar eða heimili áttu einnig sífellt minni hlut beint í skráðum félögum. Í árslok 2002 áttu innlend heimili og einstaklingar 17% af hlutafé í skráðum félögum, sé miðað við markaðsvirði. Þremur árum síðar var þetta hlutfall komið niður í 12% (Árbók Kauphallar 2006).

4. Greining annarra á áhrifum skrifa íslenskra fjölmiðla um viðskipti

Íslenskir fjölmiðlar fjalla sjálfir lítið ef nokkuð um áhrif umræðu um fyrirtæki og hlutabréfamarkaðinn á verðmyndun fyrr en árið 2000. Fyrsta góða dæmið er í Vísbendingu, frá 24. nóvember það ár. Þar segir m.a.: „Í uppsveiflu markaðarins hafa margir nýtt sér fjölmiðla til þess að gera fyrirtækin sjálf að vörumerki og „tala upp“ hlutabréfaverð fyrirtækja og sumum hefur jafnvel tekist það aftur og aftur án þess að þurfa að sýna nokkurn raunverulegan árangur. Hér á landi hefur þetta einnig verið stundað. Og stundum virðist sem allt þetta sé eins og tekið beint upp úr Galdrakarlinum í Oz, þar sem galdrakarlinn var falsari og galdrarnir sjónhverfingar. Galdrakarlinn gat þó hjálpað fólki ef það hélt að galdrar hans gerðu eitthvert gagn, sem þeir gerðu þó ekki. Eins og hjá galdrakörlum markaðarins þá var galdurinn þó fyrst og fremst honum sjálfum til vegs og virðingar, alla vega til skamms tíma.“ Eftir að netbólan er sprungin láta fleiri svipuð orð falla í íslenskum fjölmiðlum.

Árið 1999 segir Óli Björn Kárason um íslenska fjölmiðla (Óli Björn Kárason, 1999, bls. 9): „[Enn er] langt í land að íslenskir fjölmiðlar standi jafnfætis þeim bestu í heiminum þegar kemur að fréttum um viðskipti og efnahagsmál. [...] Íslenskir fjölmiðlar hafa reynt eftir megni að fylgja eftir þeirri

⁵ Hér er lagður saman fjöldi hluthafa í sérhverju skráðu félagi. Það liggur í hlutarins eðli að hluthafar eru mun færri í raun, vegna þess að ýmsir eiga í fleiri en einu hlutafélagi. Í lok ársins 2005 voru þannig um 52.000 Íslendingar skráðir hlutafjáreigendur hjá Verðbréfaskráningu Íslands (Eignarhald á verðbréfum, 2006) og hafði þeim þá fækkað töluvert frá því sem mest var.

Þróun sem orðið hefur á íslenskum fjármálamarkaði undanfarin ár. Flestir fjölmiðlar forðast hins vegar að leggja sjálfstætt mat á frammistöðu fyrirtækja. [...] Það er miður, því bæði fjölmiðlar og verðbréfafyrirtæki verða að beita hlutabréfamarkaðinn aðhaldi með skynsamlegum hætti. Báðir eru hins vegar uppteknir af því að koma á framfæri fréttum um gífurlega hækkun á hlutabréfum eða lækkun þegar því er að skipta, en minna verður úr tilraunum til að skýra hvað býr að baki.“

Síðar segir Óli Björn (bls. 10): „Það kemur einhverntíma að því að almenningur leggur fjármuni í fyrirtæki, sem hefur fengið jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum sem líklega verður byggð á fagurri útboðslýsingu einhvers verðbréfafyrirtækis, vegna þess að fólk treystir viðkomandi fjölmiðli en tapar síðan sparifé sínu að einhverju eða öllu leyti.“ Óli Björn kemst einnig að þeirri niðurstöðu að markaðurinn hafi í raun brugðist þegar kom að Softis (bls. 114): „Fjölmiðlar og verðbréfafyrirtæki féllu á prófinu þegar kom að ævintýrafyrirtækinu Softís, sem var hafið upp til skýjanna. Fjölmiðlar heilluðust af fyrirtækinu sem og verðbréfamiðlarar, - gengi hlutabréfa rauk uppúr öllu valdi þó efnislegar ástæður væru ekki fyrir hendi eins og síðar kom í ljós. Enginn taldi ástæðu til að staldra við og spyrja áleitinna spurninga, a.m.k. ekki á opinberum vettvangi. Þvert á móti var fyrirtækinu hampað sem dæmi um hvernig við Íslendingar gætum unnið okkur út úr djúpstæðri efnahagskreppu.“

Gísli Pálsson og Kristín E. Harðardóttir (2002) skoða umfjöllun Morgunblaðsins um gagnagrunnsmálið. Þau skoða þó ekki sérstaklega áhrifin á markaðinn fyrir hlutabréf í Íslenskri erfðagreiningu. Þau færa ýmis rök fyrir því að skoða umfjöllun Morgunblaðsins sérstaklega. Það var opið fyrir greinaskrifum frá hverjum sem er, var útbreiddasta blað landsins á þessum tíma, hefur langa sögu og er aðgengilegt á netinu. Þau telja að Morgunblaðið hafi ekki eingöngu endurspeglad íslenska þjóðfélagsumræðu heldur mótað hana jafnframt.

Tímabilið sem er til skoðunar hjá Gísla og Kristínu eru fyrstu 28 mánuðirnir eftir að fyrst kemur fram frumvarp um gagnagrunn á heilbrigðissviði, frá apríl 1998 til júlí 2000. Alls fundu þau 569 fréttir og greinar þar sem rætt var um gagnagrunninn. Það er niðurstaða þeirra að fréttáflutningur hafi almennt verið hlutlaus. Þau fjalla ekki sérstaklega um

ritstjórnargreinar en kanna aðsendar greinar þar sem tekist var á um þetta mál á síðum blaðsins. Í aðsendum greinum eru skoðanir eins og gefur að skilja skiptar en blaðið virðist hafa verið aðgengilegur vettvangur fyrir jafnt andstæðinga sem stuðningsmenn fyrirætlana ÍE. Athyglisvert er hve stór hluti greinanna er skrifaður af læknum og eru flestar greina þeirra andsnúnar gagnagrunninum. Það sama á við um talsverðan meiri hluta allra aðsendra greina sem Morgunblaðið birtir um málið.

5. Íslensk netbólufyrirtæki

Ekki er augljóst hvaða fyrirtæki ber að flokka sem netbólufyrirtæki. Hugtakið virðist einkum vera notað til að lýsa fyrirtækjum sem mjög miklar vonir voru bundnar við, sem störfuðu á nýjum og spennandi sviðum svo sem tölvutækni eða líftækni eða byggðu á netviðskiptum. Þau fetuðu ótroðnar slóðir, oft illskiljanlegar fyrir aðra en innvígða, og verð á hlutabréfum í þeim var ótrúlega hátt í hlutfalli við tekjur, ef þær voru þá einhverjar. Frumherjarnir og ýmsir aðrir sem keyptu snemma og seldu áður en halla fór verulega undan fæti högnuðust oft umtalsvert á sölu hlutabréfa í þessum fyrirtækjum. Sömu sögu er ekki að segja af þeim sem keyptu á háu verði og sáu síðan verðið hrynja þegar fyrirtækin stóðu ekki undir hinum miklu væntingum. Hér verður horft til þriggja innlendra dæma, í aldursröð, sem einnig er raunar stærðarröð, Softis, OZ og deCode.

Tímasetning skráningar deCode á Nasdaq, sumarið 2000, er athyglisverð.⁶ Segja má að fyrirtækið hafi rétt sloppið fyrir horn. Skráningin mátti ekki vera mikið síðar ef takast átti að selja hlutabréf fyrir verulega fjárhæð. Nasdaq markaðurinn náði hámarki síðla árs 2000 en þá tók við nær samfelld lækkunarhrina allt fram undir lok ársins 2002. Hlutabréfavísitala Nasdaq lækkaði um meira en 80% frá því sem hún var hæst. Alþjóðlega tæknibólan var sprungin og fjárfestar í deCode þurftu að súpa seyðið af því, eins og svo margir fleiri. Mynd 2 sýnir gengi bréfa í deCode frá upphafi, 18. júlí 2000, til ársloka

⁶ Fortun (2008, bls. 210-222 og 253-265) fjallar um skráningu deCode á Nasdaq markaðinn. Hann er afar gagnrýnninn á fyrirtækið.

2008 og gengi Nasdaq hlutabréfavísitölnnar frá ársbyrjun 1992 til ársloka 2008.



Mynd 2. Gengi bréfa í deCode Genetics (DCGN) á Nasdaq markaðinum frá upphafi til ársloka 2008 (hægri ás) og gengi hlutabréfavísitölu Nasdaq frá ársbyrjun 1992 til ársloka 2008 (vinstri ás).

6. Umfjöllun íslenskra fjölmiðla um fyrirtækin þrjú

6.1 Fjölmiðlarnir

Gerð er ítarleg grein fyrir umfjöllun íslenskra fjölmiðla um fyrirtækin þrjú sem hér eru til skoðunar, Oz og Íslenska erfðagreiningu/deCode (hér eftir ÍE) og hún rakin í tímaröð í viðaukum. Hér verða hins vegar dregin fram aðalatriði umfjöllunarinnar.

Langflest dæmin sem tekin eru koma frá Morgunblaðinu. Það á sér tvær skýringar. Sú fyrri er tæknileg, aðgangur að Morgunblaðinu á netinu, þannig að hægt sé að nota leitarvél, er betri en annarra íslenskra fjölmiðla, a.m.k. enn sem komið er. Morgunblaðið er bæði með eigið gagnasafn, með ýmsum

leitarmöguleikum, og er skráð á vef timarit.is og hægt að beita leitarvél á það þar.⁷ Síðari ástæðan er sú að Morgunblaðið var langstærsta dagblað landsins á þeim tíma sem er til skoðunar, hvort heldur horft er til fjölda blaðsíðna eða útbreiðslu. Það var jafnframt með mesta umfjöllun um viðskipti og atvinnulíf af íslenskum dagblöðum.

Ríkisútvarpið og Sjónvarpið náðu til fleiri landsmanna en Morgunblaðið en fjölluðu talsvert minna um viðskipti og atvinnulíf. Þá er umfjöllun þessara fjölmiðla á þessum tíma ekki aðgengileg nú með sama hætti og fyrri tölublöð Morgunblaðsins. Það sama má segja um aðra ljósvakamiðla. Efni ljósvakamiðla er því ekki skoðað, að öðru leyti en því sem þegar hefur komið fram, að sjónvarpsstöðvar fóru að veita hlutabréfamarkaðinum mikla athygli á uppgangstímanum í lok tíunda áratugarins en drógu svo mjög úr umfjölluninni þegar verr áraði, 2001.

Af tímaritum hefur Vísbending talsverða sérstöðu. Þetta vikurit er vistað á vefnum timarit.is og hægt er að beita leitarvél. Tímaritið hefur ekki mikla útbreiðslu en nær þó til mikilvægs hóps sérfræðinga. Það er í litlu broti, fjórar síður, einu sinni í viku og er því einungis með lítið brot af þeim texta sem Morgunblaðið hefur, en öll skrifin snúast um viðskipti og efnahagsmál. Söfnun greina og fréttu með aðstoð leitarvélar byggði eingöngu á þessum tveimur miðlum, Morgunblaðinu og Vísbendingu.

Einnig voru skoðuð prentuð tölublöð nokkurra fjölmiðla sem mikið fjalla um viðskipti og tengd efni. Efnisyfirlit og forsíður mánaðarritsins Frjálsrar verslunar voru skoðuð frá 1991 til 2003 og leitað að greinum þar sem minnst var á eitthvert fyrirtækjanna þriggja eða netbóluna almennt. Þá var Viðskiptablaðinu flett og fyrirsagnir skoðaðar í leit að umfjöllun um sömu þætti en eingöngu fyrir árið 1999, þegar vöxtur bólunnar var hvað mestur. Á þeim tíma var Viðskiptablaðið vikurit.

⁷ Leitarvél timarit.is vinnur úr texta sem hefur verið prentaður og síðan skannaður og breytt aftur í texta. Nokkuð virðist um villur í því ferli, sem geta ruglað leitarvélina. Það virtist þó ekki það algengt að það væri verulegt vandamál.

Alls eru taldar upp 508 fréttir og greinar í viðauka. Ákveðið var að sleppa í upptalningunni greinum og fréttum sem mjög litlu máli virtust skipta, t.d. tilkynningum um nýtt starfsfólk eða frásagnir þar sem eingöngu var stuttlega minnst á fyrirtækin en einkum fjallað um annað. Þá var ákveðið að sleppa nær öllum aðsendum greinum en horfa eingöngu á efni sem starfsmenn viðkomandi fjölmiðils höfðu unnið. Jafnframt voru þó teknar með aðkeyptar greinar.

6.1 Þróun umræðu: Uppgangstími – samkeppnisforskot og frumkvöðlar

Umfjöllun fjölmiðla fór í öllum þremur tilfellum í gegnum svipaða þróun. Fyrstu skref fyrirtækjanna vöktu ekki mjög mikla athygli. Síðan beindist kastljós fjölmiðla í vaxandi mæli að hverju fyrirtæki fyrir sig og var umfjöllunin þá undantekningalítið mjög jákvæð. Þegar fyrirtækin voru að hefja rekstur fjölluðu fjölmiðlar einkum um það hve viðfangsefni þeirra voru nýstárleg og spennandi en einnig var sagt nokkuð frá frumkvöðlunum. Umfjöllun um frumkvöðlana var einnig mjög jákvæð.

Langminnst var fjallað um Softis af fyrirtækjunum þremur, talsvert um Oz en langmest um ÍE. Það virðist eðlilegt í ljósi stærðarmunar. Softis var lítið fyrirtæki, velti ekki háum upphæðum og umsvifin vegna viðskipta með hlutabréf í því urðu aldrei mikil. Oz var talsvert stærra á alla mælikvarða en ÍE langstærst. Markaðsvirði ÍE varð um tíma að því er virðist hærra en nokkurs annars íslensks fyrirtækis. Þá urðu fyrirætlanir ÍE fljótt mjög umdeildar, sérstaklega smíði gagnagrunns á heilbrigðissviði, og það kallaði fram mikla fjölmiðlaumræðu.

Skrifin um forsvarsmenn Softis voru hófstíllt en þar var þó rætt aðeins um ungan mann, sem átti hugmyndina að hinum svokallaða Louis hugbúnaði. Hann hafði sig þó lítt frammi, sérstaklega ekki í samanburði við forsvarsmenn Oz og ÍE sem voru mjög áberandi í fjölmiðlum. Aðrir forsvarsmenn Softis voru heldur ekki áberandi í fjölmiðlum. Í umfjöllun um Softis var meiri áhersla hins vegar lögð á hugbúnaðinn sjálfan og möguleika hans, sem voru sagðir afar miklir. Hjá Softis var það því snilldarhugmynd að hugbúnaði sem átti að vera samkeppnisforskotíð og geta skýrt hvernig fyrirtækið gæti orðið gífurlega verðmæt.

Í umfjöllun um Oz og ÍE var talsvert gert úr snilld frumkvöðlanna og að nokkru leyti annarra starfsmanna. Hjá Oz var raunar erfitt að átta sig á því hvert

samkeppnisforskotið ætti að vera, annað en snillingáfa frumkvöðlanna, hugmyndaauðgi þeirra og geta til að laða aðra snillinga til starfa fyrir fyrirtækið. Óz skipti þannig margoft um áherslur. Það byrjaði í grafískri vinnslu og heimasíðugerð, færði sig síðan yfir í gerð þrívíddarheima, þá yfir í að vinna samskiptalausnir, fyrir Ericsson sérstaklega, síðan samskiptalausnir fyrir aðra en Ericsson. Þannig var ýmislegt reynt, sem aldrei dugði þó til að skila hagnaði. Samt voru forsvarsmennirnir alltaf mjög bjartsýnir á framtíðarvöxt og hagnað sem myndi koma fyrr eða síðar og tókst að afla fjár á hlutabréfamarkaði út á það.

Hjá ÍE var talsvert gert úr frumkvöðlinum. Hávaxni og orðhvassi snillingurinn sem fórnaði prófessorstöðu við Harvard til að geta snúið aftur til Íslands til að gera verðmætar afurðir úr erfðaupplýsingum Íslendinga var gott fréttæfni. Þá var jafnframt talsvert gert úr því hve vel fyrirtækinu tækist að laða til sín snjalla unga Íslendinga, sem ella hefðu ekki átt jafngóð starfstækifæri á Íslandi. Ýmislegt af þessum toga var kynnt til sögunnar sem samkeppnisforskot ÍE, það sem gæti gert því kleift að búa til mikil verðmæti.

Þegar hugmyndin um miðlægan gagnagrunn á heilbragiðissviði var komin fram þá yfirgnæfði hún þó allt annað. Deilurnar um gagnagrunninn snerust um margt.⁸ Einn þáttur þess var hvort eðlilegt væri að eitt einkafyrirtæki gæti fengið svo mikil verðmæti afhent og hvort og þá hve mikið það ætti að greiða fyrir réttindin. Meira var þó deilt um hvort útbúa ætti slíkan gagnagrunn á annað borð og hvort persónuvernd og réttindi sjúklinga væru tryggð. Þá var deilt um hvort í raun væri hægt að lesa jafnmikið út úr erfðaupplýsingum og stuðningsmenn grunnsins vildu vera láta og hvort hlaupið væri að því að nýta niðurstöðurnar til fjár. Ekki var þó mjög mikil áhersla á þann þátt í umræðunni. Þegar hugmyndin um gagnagrunninn var komin fram var jafnframt komin fram einföld skýring á því hvert samkeppnisforskot ÍE væri. Gagnagrunnurinn var kynntur sem einstakt tæki, sem byggði á einsleitni íslensku þjóðarinnar og góðum heilsufars- og ættfræðiupplýsingum og þetta gætu keppinautar ekki fengið með góðu móti annars staðar.

⁸ Sjá einnig Gísla Pálsson og Kristínu Erlu Harðardóttur (2002).

Hér verður ekki reynt að skera úr um það hvort hugmyndir sem kynntar voru um samkeppnisforskot þessara fyrirtækja voru skynsamlegar *ex ante* þótt þær hafi ekki reynst það *ex post*. Vitaskuld er það svo að margar fjárfestingar ganga ekki upp, þ.e. skila ekki þeim ávinningi sem vænst var fyrirfram. Alla jafna er ávöxtun fjárfestinga óviss fyrirfram þannig að jafnvel skynsamasta fólk, sem viðar að sér og vinnur samviskusamlega úr öllum tiltækum upplýsingum, getur ekki vitað með vissu hverjar munu skila mestum arði þegar upp er staðið. Það er því ekki algildur mælikvarði á það hve skynsamleg ákvörðun um fjárfestingu var, hvort hún skilar góðri ávöxtun þegar upp er staðið.

Í þessu samhengi er þó ekki hægt að horfa fram hjá því að í verðbólum er alltaf hætt við því að einhverjir sjái sér hag í að „tala upp“ verð fyrirtækja, þ.e. segja þau verðmætari en þeir í raun sjálfir telja. Ýmis tilfelli af því tagi komu upp á yfirborðið í kjölfar þess að netbólan sprakk í Bandaríkjunum. Eliott Spitzer, sem þá var saksóknari New York fylkis, sýndi fram á að nokkrir þeirra sem mest höfðu verið áberandi í að mæla opinberlega með kaupum á bréfum í netfyrirtækjum höfðu á sama tíma lýst þeirri skoðun sinni, m.a. í tölvupósti til samstarfsmanna, að þau væru ofmetin.

Ekki er hægt að lesa neitt sambærilegt út úr íslensku fjölmiðlaumræðunni, þ.e. að einhverjir hafi mælt með kaupum gegn eigin samvisku. Hafi eitthvað verið um það, þyrfti væntanlega að skoða aðrar heimildir, líkt og Spitzer gerði, til að leiða það í ljós.

Á uppgangstímanum fór mjög lítið fyrir gagnrýni á Softis og Oz í fjölmiðlum. Öðru máli gegndi um ÍE, sem var alla tíð mjög umdeilt. Það naut þó mikillar hylli almennings, sem m.a. kom fram í að það var valið vinsælasta fyrirtæki landsins í könnun Frjálsrar verslunar þrjú ár í röð. Gagnrýnin á ÍE á þessum tíma snerist að mjög litlu leyti um það hvort hlutabréf fyrirtæksins væru ofmetin. Á þann möguleika var varla minnst. Hins vegar var m.a. nokkuð hart tekist á um hvernig tryggja mætti að sanngjarn hluti mikils hagnaðar sem menn þóttust sjá fyrir rynni til þjóðarinnar.

Athyglisvert er þó að þegar árið 1992 þá sendu samtök hugbúnaðarfyrirtækja frá sér tilkynningu þar sem þau vöruðu við miklum

væntingum vegna útflutnings á hugbúnaði. Tilefnið var umræða um mikla hagnaðarvon vegna Softis. Fjölmiðlar greindu frá þessu.

Þá lenti Softis einnig í útistöðum við bankaeftirlitið vegna sölu hlutafjár og greindu fjölmiðlar frá því. Sala Softis á hlutafé til almennings var um margt undarleg. Steininn tók þó fyrst úr með heilsauglýsingu í Morgunblaðinu sem fyrirtækið birti 30. apríl 1993. Textinn minnir helst á svokölluð Nígeríubréf. Þar voru auglýst til sölu eigin bréf fyrirtækisins að nafnverði 1,2 milljónir. Bent er á að gengi bréfanna hafði þá hækkað ört og birt línurit því til staðfestingar, án allra talna þó. Ýmsar fullyrðingar eru settar fram, m.a. „Reikna má með því að fjárfesting í hlutabréfum Softis skili betri arði en gengur og gerist. Það er því einstakt tækifæri sem þér býðst núna“. Þá er nefnt sem dæmi um velgengni hluthafa að „[v]itað er um mann sem seldi bifreið sína til að kaupa sér hlutabréf í félaginu og daginn eftir átti hann andvirði tveggja bifreiða.“ Klykkt er út með því að benda á að mjög takmarkað magn bréfa sé til sölu og að kaupin veita skattaflátt. Aðferðirnar sem beitt var til að selja hlutabréf Oz og ÍE síðar voru mun fagmannlegri á yfirborðinu og árangursríkari en þessi auglýsing.

Gagnrýni á Oz var heldur ekki mikil á uppgangstímanum. Það eina bitastæða kom að utan. Tímaritið Red Herring sagði frá því að efasemdir væru um að tækni Oz við gerð þrívíðra heima væri markaðsvæn vara. Markaðurinn væri í það minnsta lítill. Morgunblaðið sagði frá þessu 31. ágúst 1997. Þetta virðist þó ekki hafa vakið mikla athygli og kom ekki í veg fyrir mikla hækkun hlutabréfa Oz síðar.

Gagnrýni á markaðssetningu á hlutabréfum í ÍE kom fyrst fram á yfirborðið 1999. Í mars það ár og aftur í júní flytur Morgunblaðið fréttir af því að sérfræðingar Kaupþings hafi hvatt til varkárni í viðskiptum með hlutabréf á gráa markaðinum, sérstaklega í ljósi þess hve takmarkaðar upplýsingar sé að hafa um viðkomandi fyrirtæki. Í júní það ár sér Viðskiptablaðið sömuleiðis ástæðu til að spyrja aðstoðarforstjóra ÍE hvort fyrirtækið efni til „flugeldasýninga“ með fréttaflytningi sem væri ætlað að auka áhuga á hlutabréfum fyrirtækisins.

Greinilegt var þó að Morgunblaðið hafði ekki á þessum tíma miklar áhyggjur af því að fjárfestar í ÍE kynnu að kaupa köttinn í sekknunum. 17. júní er

sala erlendra aðila á hlutabréfum í ÍE til fjögurra innlendra aðila gerð að umtalsefni í nafnlausum dálki sem kenndur er við Innherja. Þar vekur það mikla undran höfundarins að einhverjir skyldu hafa verið reiðubúnir að selja á svo „hóflegu“ verði. Hann spyr jafnframt „Hverjir fá tækifæri til að kaupa þessi bréf, sem að sumra mati munu tífoldast í verði á næstu árum?“. Þá er fullyrt „Þegar til skemmri tíma er litið er nánast enginn vafi á því, að þeir sem fá tækifæri til að kaupa bréf geta hagnast verulega á viðskiptum með þau á næstu mánuðum og jafnvel misserum“. Hins vegar kemur fram að ekki sé hægt að slá því föstu að „ævintýrið“ gangi upp þegar til lengdar lætur. Greinarhöfundur telur þó meiri líkur á því en minni.

Viku síðar sá Morgunblaðið ástæðu til þess að nota sama dálk til að gagnrýna Kaupþing harðlega vegna umfjöllunar þann 22. júní um viðskipti með hlutabréf ÍE. Þema greinarinnar er að ástæða þessarar umfjöllunar Kaupþings hafi einfaldlega verið afbrýðisemi yfir því að hafa ekki verið með í kaupunum. Það er vissulega athyglisvert að nánast eina röddin á íslenskum fjármálamarkaði sem boðaði varfærni við kaup á bréfum í ÍE skuli hafa verið snupruð með þessum hætti af stærsta blaði landsins og að eina skýringin sem blaðamanninum datt í hug á slíkum varnaðarorðum væri afbrýðisemi þess sem hefði misst af góðum kaupum.

Á uppgangstímanum voru fluttar fjölmargar fréttir af því hve mikið hlutabréf fyrirtækjanna þriggja hefðu hækkað. Þá voru jafnframt fluttar ýmsar fréttir af því hve markaðsvirði fyrirtækjanna væri orðið mikið, sérstaklega Oz og ÍE. Dregið er fram hve mikið frumkvöðlarnir hafi hagnast á öllu saman. Loks var oft rætt við markaðsaðila sem lýsa undantekningalítið bjartsýni á velgengni fyrirtækjanna þriggja. Viðskiptablaðið slær slíkum yfirlýsingum upp hvað eftir annað árið 1999. Mesta athygli vekur ein forsíðufréttin þar sem haft er eftir yfirmanni hjá Búnaðarbankanum um fjárfestingu í ÍE að það sé meiri áhætta að vera ekki með og geta misst af miklum hagnaði en að vera með.

Þá er rætt um ýmsa samninga sem standa fyrir dyrum eða hafa náðst, einkum við erlenda aðila. Hjá Oz er jafnframt mikið rætt um útrás fyrirtækisins, stofnun útibúa í öðrum löndum. Hjá ÍE koma á sama hátt fréttir af ýmsum

rannsóknaniðurstöðum og fjölmargar fréttir um samstarfssamninga við erlenda aðila.

Sagt er frá áhuga erlendra aðila á Oz og ÍE með ýmsum öðrum hætti. Greint er frá umfjöllun erlendra fjölmiðla, sem er nær alltaf jákvæð fyrir Oz en bæði jákvæð og neikvæð fyrir ÍE. Þá er jafnframt margoft rætt um hugsanlega skráningu Oz og ÍE á Nasdaq markaðinn og hve mikið bréf þeirra muni hækka ef af því verður.

Umfjöllun um starfsmenn Oz og ÍE er talsverð. Morgunblaðið birtir t.d. fjölmörg löng viðtöl við lykilstarfsmenn ÍE og ræðir einnig oft í löngu máli við forsvarsmenn Oz og ÍE. Eitt af því sem er dregið fram er að bæði fyrirtækin eru með umbunarkerfi sem felur í sér að starfsmenn fá rétt til kaupa á hlutabréfum. Skýrt er tekið fram hve mikil hagnaðarvon felist í þessu fyrir starfsmennina og hve mikilvægt það sé svo að fyrirtækin geti náð í yfirburðafólk.

6.2 Þróun umræðu: Samdráttartími – tap og bruni lausafjár

Umræðan um Softis varð almennt neikvæð árið 1994. Þá flytur Morgunblaðið nokkrar fréttir um það að illa gangi að selja hlutabréf fyrirtækisins. Jafnframt er nokkur umræða um að e.t.v. sé Louis hugbúnaðurinn úreltur vegna þess að aðrar lausnir hafa komið fram. Þá koma fréttir um vandræði við hlutafjárukningu, sem þó tekst á endanum, og að lausafé sé á þrotum. Eftir þetta segir lítið af Softis í íslenskum fjölmiðlum.

Umræða um hlutabréf Oz og ÍE er nær eingöngu jákvæð allt þangað til árið 1999. Fyrstu efasemdarraddirnar birtast þegar fer að líða á árið. Vorið 1999 spyr Frjáls verslun þannig forstjóra Oz nokkuð gagnrýninna spurninga um hvort umræðan um að netfyrirtæki séu of hátt metin eigi ekki við fyrirtækið og geti valdið því vandræðum. Þá spyr blaðamaðurinn einnig gagnrýninna spurninga um hagnað fyrirtækisins, eða öllu heldur skort á honum. Þessar fáu gagnrýnisraddir eru þó nánast undantekningar. Umræða um hlutabréf Oz og ÍE er áfram mjög jákvæð, rætt er um hve mikið ákveðnir aðilar hafi þegar hagnast og hve miklir hagnaðarmöguleikar séu enn fyrir hendi. Sérstaklega er horft til skráningar á Nasdaq.

Árið 2000 heldur umræða á gagnrýnum nótum áfram. ÍE sleppur þó fyrir horn og nær að skrá bréf sín á Nasdaq um sumarið, áður en verð á hlutabréfum tæknifyrirtækja fellur fyrir alvöru vestanhafs. Í kjölfarið koma reglubundið fréttir af ársfjórðungsuppgjörum ÍE og Oz, sem nær ávallt valda vonbrigðum. Hagnaður skilar sér ekki þótt stundum sé hægt að vekja athygli á öðrum góðum fréttum vegna uppgjöranna, t.d. auknum tekjum. Blaðamenn fara einnig að sýna lausafjárstöðu fyrirtækjanna sífellt meiri áhuga og vekja athygli á þeim vandræðum sem fyrirtækin stefna í ef ekki tekst að fá aukið laust fé og helst fara að skila hagnaði. Svipaðar fréttir birtast einnig oft 2001 og 2002. Fyrirtækin virðast ekki sjá til sólar fjárhagslega en þó birtast einnig jákvæðar fréttir, t.d. af nýjum samningum eða rannsóknaniðurstöðum ÍE. 2002 fara einnig að verða áberandi fréttir af þeim sem hafa tapað á hlutabréfaviðskiptum. Sveitarfélagið Raufarhöfn er eitt þeirra.

2003 fer Oz í þrot og hluthafar tapa öllu sínu. Rekstrinum er þó haldið áfram en lítið segir af honum í íslenskum fjölmiðlum. Rekstur ÍE heldur áfram en smátt og smátt gengur á laust fé. Fréttum af fyrirtækinu fer fækkandi ár frá ári. Jafnframt fækkar umtalsvert fréttum af hlutabréfamarkaði almennt.

6.3 Framsetning umfjöllunar – mismunandi áherslur fjölmiðla

Morgunblaðið gerði fréttáflutningi af Softis ekki mjög hátt undir höfði. Mikið af honum fólst í skrifum í viðskiptablað Morgunblaðsins og lítið var um upplátt. Oz og ÍE fá mun glæsilegri umfjöllun. Fréttum af fyrirætlunum fyrirtækjanna er iðulega slegið upp á baksíðu með langri umfjöllun inni í blaðinu. Oft er öll miðopnan lögð undir, sérstaklega vegna ÍE. Þá eru margoft birt löng og ítarleg viðtöl við forsvarsmenn fyrirtækjanna eða einstaka starfsmenn. Nánast ekkert er um að spurt sé gagnrýninna eða óþægilegra spurninga í þessum viðtölum, a.m.k. ekki fyrr en halla fer undan fæti hjá fyrirtækjunum og jafnvel þá er sáralítið gert af því. Þá eru málefni fyrirtækjanna, sérstaklega ÍE, oft gerð að umfjöllunarefni í leiðurum og þá tekur blaðið undantekningalítið afstöðu með fyrirtækjunum.

Þegar fréttir berast frá Oz og ÍE þá virðast íslenskir fjölmiðlar mjög sjaldan sjá neina ástæðu til að draga fullyrðingar forsvarsmanna fyrirtækjanna í

efa. Sagt er frá samningum eða öðrum árangri eins og þeim er lýst af hálfu fyrirtækjanna. Yfirleitt er ekki leitað eftir sjónarmiðum annarra. Þó fá gagnrýnendur ÍE tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að, sérstaklega í Morgunblaðinu, en þau birtast jafnan síðar, ekki samtímis tilkynningum ÍE.

Umræðan um gagnagrunnsmálið hefur þó nokkra sérstöðu. Morgunblaðið ver gífurlega miklu rými í þá umræðu, bæði með birtingu skæðadrífu aðsendra greina, fréttáflutningi og greinaskrifum. Lengsti greinaflokkurinn birtist á fjölda heilsíða í ellefu tölublöðum í röð í október 1998. Margoft er fjallað um málið í ritstjórnargreinum. Í því máli tekur blaðið ekki einarða afstöðu með ÍE en hvetur þó ítrekað til þess að málsaðilar nái sáttum svo að hægt sé að hefja smíði gagnagrunnsins. Hugmyndin um einkaleyfi til handa ÍE fær þó ekki eindreginn stuðning blaðsins.

Aðrir fjölmiðlar, sem hér eru skoðaðir, fjalla flestir á svipaðan hátt um Oz og ÍE og Morgunblaðið framan af. Þó er meira um að forsvarsmenn fyrirtækjanna séu spurðir gagnrýninnna spurninga, bæði í Frjálsri verslun og Viðskiptablaðinu. Frjáls verslun gerir jafnframt talsvert meira af því en Morgunblaðið að velja upp þeim möguleika að rekstur fyrirtækjanna muni á endanum ekki ganga upp og hluthafar því ekki ríða feitum hesti frá hlutabréfakaupum sínum. Viðskiptablaðið gengur langlengst þessara fjölmiðla í því að slá upp fréttum af fyrirsjáanlegum hagnaði af rekstri Oz og ÍE og því hve mikið verði hægt að græða á kaupum á hlutabréfum í þeim.

Morgunblaðið talar margoft um „ævintýri“ í umfjöllun um Oz og ÍE. Fullyrt er t.d. í leiðurum að rekstur þeirra sé eins konar ævintýri. Þá er oft rætt um „galdra“ eða „galdrakarla“ í umfjöllun um Oz. Nafn fyrirtækisins býður vitaskuld upp á það, sem væntanlega er ekki tilviljun. Hugtök eins og „frumkvöðlar“ og „brautryðjendur“ eru jafnframt mikið notuð.

Vísbending fjallaði ekki oft um Softis. Helst var minnst á fyrirtækið í tengslum við verðbréfleik þar sem einn þátttakandinn veðjaði á fyrirtækið. Hann fór illa út úr því og lesendur Vísbendingar fengu ítrekaðar fréttir af því. Önnur umfjöllun Vísbendingar um Softis var lítil og að mestu nokkuð gagnrýnin.

Nokkuð annar tónn var einnig í umfjöllun Vísbendingar um Oz og ÍE en annarra innlendra fjölmiðla. Lítið fór fyrir vangaveltum um mikinn hagnað sem hægt væri að hafa úr viðskiptum með hlutabréf í fyrirtækjunum.

12. febrúar gerir tímaritið að umtalsefni ummæli forsvarsmanns Oz á viðskiptaþingi um tregðu lánastofnana til að lána gegn öðru en veðum í steinsteypu. Í umfjöllun Vísbendingar er sérstaklega bent á að auðvelt sé nú að fá fé til að hrinda ýmsum hugmyndum í framkvæmd. Ekki þurfi eigið fé, allt sé hægt að fá að láni. Blaðið telur það varhugavert að fjárfestar standi í stórræðum í von um skjótfengin gróða með fé sem þeir eiga ekki sjálfir. Slík viðskipti eigi að stunda með eigin fé, sem menn hafa efni á að tapa. Blaðið hnýtir einnig nokkrum sinnum í Oz í umfjöllun sinni um netbólu. Umfjöllun Vísbendingar um gagnagrunninn og ýmsa fleti hans, eins og einkaleyfi ÍE, var oftast gagnrýninn en umfjöllun um ÍE að öðru leyti nokkuð hlutlaus.

6.4 Umfjöllun um netbólu

Umfjöllun innlendra fjölmiðla um netbóluna var um margt svipuð og vestanhafs. Sá möguleiki að myndast hefði bóla á hlutabréfamarkaði var ekki viðraður fyrr en um vorið árið 1999. Umfjöllunin það ár um netbólu er þó lítil og alls ekki afdráttarlaus. Fréttir af áhyggjum manna vestanhafs af hugsanlegri netbólu eru þó fluttar héraðs og stundum minnst á Oz og ÍE í því samhengi. Vísbending gengur lengst, með nokkuð afdráttarlausum greinum í júní og ágúst 1999. Í þeirri fyrri er árið 1999 borið saman við 1929 og sagt að margt sé líkt með þessum árum. Í þeirri síðari er m.a. bent á Oz sem netbólufyrirtæki.

Það er þó ekki fyrr en árið á eftir, 2000, sem fullyrt er að netbólan sé sprungin eða við það að springa. 7. janúar er lítill pistill í Vísbendingu þar sem bent er á lækkun hlutabréfaverðs í Bandaríkjunum, sérstaklega í fyrirtækjum þar sem verðið hefur að miklu leyti byggst á væntingum. Sagt er að of snemmt sé að segja til um hvort lækkunin verði viðvarandi eða hvort bréf eigi jafnvel eftir að lækka enn meir. Íslenskum fjárfestum er bent á að fylgjast með þessu, sérstaklega með hliðsjón af íslenskum fyrirtækjum sem eru hliðstæð þeim bandarísku, t.d. Oz og ÍE.

Því fer þó fjarri að allir séu svartsýnir framan af árinu 2000. Í öðru tölublaði Frjálsrar verslunar þetta ár er mynd af gullgrafara á forsíðu og inni í blaðinu löng grein undir fyrirsögninni „Gullæði grípur um sig“. Þar er verið að vísa til andrúmsloftsins á hlutabréfamarkaði. Inngangsorðin eru eftirfarandi: „Áhugi almennings á hlutabréfaviðskiptum er orðinn svo mikill að líkja má við gullæði. Það er ekki bara að margir ætli að verða ríkir á met tíma heldur er svo komið að á mannamótum eru gengi hlutabréfa, fyrirtæki og stjórnendur þeirra helsta umræðuefnið. Sumir hafa lýst þessu sem gullæði, þessari vakningu, á þá leið að hlutabréfaviðskipti séu orðin nýjasti lottóleikur landsmanna. Það þarf enginn að undrast þennan stóraukna áhuga á hlutabréfum: Á aðeins nokkrum árum hefur hlutabréfamarkaðurinn ekki aðeins gert marga Íslendinga ríka, heldur forríka!“ Greinarhöfundur er almennt frekar bjartsýnn en þó falla nokkur almenn viðvörunarorð um að hlutabréf séu áhættufjárfesting og að varast skyldi að gera sér of háar hugmyndir um margfaldan hagnað á met tíma. Aðeins er minnst á tæknifyrirtæki í greininni, m.a. að verð á bréfum í þeim hafi hækkað mikið erlendis þrátt fyrir að hagnaður hafi verið lítil.

ÍÉ er skráð á Nasdaq um mitt ár 2000. Gengi bréfanna í útboði vegna skráningarinnar veldur vonbrigðum. Hluthafar í ÍÉ fá fleiri tilefni til vonbrigða í kjölfarið þegar ekkert verður úr mikilli hækkun bréfanna sem margir vonuðust eftir. Þvert á móti þá hækka bréfin lítið framan af og fara síðan sífellt lækkandi. Það sama gerist raunar með hlutabréf í öðrum net- og líftæknifyrirtækjum. Netbólan er að hjaðna mjög hratt og ÍÉ og Oz finna ekki síður fyrir því en önnur svipuð hlutafélög á markaði. Í íslenskum fjölmiðlum er farið að tala um sprungna netbólu undir lok ársins 2000. Árin þar á eftir er það margendurtekið.

7. Niðurstaða

Greining á skrifum íslenskra fjölmiðla um fyrirtækin þrjú bendir eindregið til þess að umfjöllun þeirra hafi ýtt verulega undir að hér myndaðist netbóla. Fjölmiðlarnir vöktu verulega athygli á þessum fyrirtækjum, sérstaklega ÍÉ og Oz, og gerðu mikið úr þeim möguleikum sem þessi fyrirtæki hefðu til vaxtar og þeirri hagnaðarvon sem kaup á hlutabréfum í þeim gæfi. Þá ýttu fjölmiðlar almennt undir áhuga á hlutabréfamarkaðinum með stóraukinni umfjöllun á uppgangsárunum 1999 og 2000. Umfjöllun um fyrirtækin var alla jafna

gagnrýnislítil á meðan vel gekk. ÍE varð þó fyrir harkalegri gagnrýni en einungis óverulegur hluti hennar fjallaði um að varhugavert væri að veðja á framtíðarhagnað fyrirtækisins með því að kaupa hlutabréf í því. Þó voru alloft birt nokkuð almenn varnaðarorð um að kaup á hlutabréfum væru í eðli sínu áhættufjárfesting og að ekki væri víst að viðskiptalíkön Oz og ÍE myndu ganga upp á endanum. Ekki var þó mikið gert úr þessum viðvörðunum, þeim var oftast hnýtt aftan við jákvæðari umfjöllun svo að lítið bæri á. Umfjöllun tímaritsins Vísbendingar var þó með talsvert öðrum blæ en umfjöllun annarra fjölmiðla sem hér eru til skoðunar en útbreiðsla þess er mjög lítil þannig að áhrif þeirra skrifa hafa örugglega verið mun minni en áhrif stærri fjölmiðla.

Þótt nokkrar fréttir og greinar um hugsanlega lækkun á verði netfyrirtækja hafi verið birtar áður en verðið fór að lækka að ráði þá er vart hægt að segja að varað hafi verið sterklega við lækkuninni fyrr en hún var orðin að veruleika. Þegar lækkunin hefst af alvöru birta íslenskir fjölmiðlar hins vegar fjölmargar neikvæðar fréttir um bæði afkomu, lausafjárstöðu og þróun hlutabréfaverðs bóluþyrirtækja. Þeir ýta því undir niðursveifluna með svipuðum hætti og þeir ýttu undir uppsveifluna áður.

Umfjöllun íslenskra fjölmiðla virðist því hafa verið veigamikill þáttur í því að valda þeim sveiflum sem urðu á verði hlutabréfa í þeim fyrirtækjum sem hér eru til skoðunar. Fjölmiðlarnir léku jafnframt mjög mikilvægt hlutverk í að gera fyrirtækjunum kleift að sækja fé út á hlutabréfamarkaðinn. Þeir virðast því hafa leikið nokkuð stórt hlutverk í því ferli sem Kindleberger lýsir og fjallað er um hér að framan. Hlutverk íslensku fjölmiðlanna í þessu ferli virðist hafa verið svipað og fjölmiðlar á öðrum Vesturlöndum léku á sama tíma í uppgangi og hruni netbólunnar þar.

Heimildir

Árbók Kauphallar (2001). Kauphöll Íslands.

Árbók Kauphallar (2006). Kauphöll Íslands.

Cooper, George. (2008). *The Origin of Financial Crises*. Vintage Books.

Eignarhald á verðbréfum. (2006). *Kauphallartíðindi*. 4. tbl. 6. árg.

Fortun, Mike (2008). *Promising Genomics. Iceland and deCODE Genetics in a World of Speculation*. University of California Press.

Galbraith, John Kenneth. (1990). *A Short History of Financial Euphoria*. Penguin.

Gísli Pálsson og Kristín E. Harðardóttir. (2002). For Whom the Cell Tolls: Debates About Biomedicine. *Current Anthropology*. Apríl. 2. tbl. 43. árg. bls. 271-301.

Guðni Th. Jóhannesson. (1999). *Kári í jötunmóð*. Nýja bókafélagið.

Gylfi Magnússon. (2007). *Markaður verður til: Saga íslenska hlutabréfamarkaðarins*. R07:01. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Kindleberger, Charles P. og Robert Z. Aliber (2005). *Manias, panics, and crashes: a history of financial crises*. 5. útg. John Wiley & Sons.

Óli Björn Kárason (1999). *Valdablokkir riðlast*. Nýja bókafélagið.

Ríkisendurskoðun. (1995). *Stjórnsýsluendurskoðun hjá Ríkisútvarpinu*.

Shiller, Robert J. (2000). *Irrational Exuberance*. Princeton University Press.

Steindór J. Erlingsson. (2002). *Genin okkar - líftæknin og íslenskt samfélag*. Forlagið.

Tetlock, Paul C. (2007). Giving Content to Investor Sentiment: The Role of Media in the Stock Market. *Journal of Finance*. Júní. 62. árg. 3. tbl. Bls. 1139-1168.

Veldkamp, Laura L. (2006). Media Frenzies in Markets for Financial Information. *American Economic Review*. Júní. 96. árg. 3. tbl. Bls. 577-061.

Gagnasöfn sem stuðst var við

Hagstofa Íslands (talnaefni um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa).
<http://www.hagstofa.is>.

Mannvernd (tilvísanir í greinar og fréttir um fyrirhugaðan gagnagrunn Íslenskrar erfðagreiningar og fleira). <http://www.mannvernd.is>.

Morgunblaðið (greinasafn). <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn>.

Sedlabanki Íslands (tölur um veltu á hlutabréfamarkaði).
<http://www.sedlabanki.is>.

Skúli Sigurðsson: Bibliography: HSD deCODE controversy (yfirlit um skrif um gagnagrunnsmálið). http://www.raunvis.hi.is/~sksi/hsd_dec_bib.html

Tímarit.is (Morgunblaðið, Vísbending, DV, Fréttablaðið og fleiri innlendir prentmiðlar). <http://www.timarit.is>.

Yahoo – Finance (talnaefni um gengi Nasdaq vísitölu og hlutabréfa í deCode Genetics). <http://finance.yahoo.com>.

Viðauki A: Umfjöllun um Softis**1991**

Fyrstu fréttir af Softis í Morgunblaðinu eru frá upphafi tíunda áratugarins. Þær eru allar mjög jákvæðar. Fyrst er stuttlega minnst á fyrirtækið 12. desember 1991 þar sem viðmælandi blaðsins segir það dæmi um framsækið íslenskt fyrirtæki sem stefnir að því að framleiða vöru fyrir erlendan markað. Næst er stuttlega minnst á Softis í aðsendri grein eftir Þorstein Sigfússon 18. janúar 1992 þar sem sagt er að margir telji að mikil verðmæti liggja í hugbúnaði fyrirtækisins. Framtíðin eigi þó eftir að leiða það í ljós.

1992

7. maí 1992 er síðan fullyrt í fjögurra dálka fyrirsögn á baksíðu að „Nýr íslenskur hugbúnaður gæti valdið tölvubyltingu“ og sagt ljóst að hugbúnaðurinn geti velt milljörðum króna á næstu árum. Daginn eftir er aftur fullyrt í frétt að hugbúnaður fyrirtækisins „get[i] ... skilað fyrirtækinu veltu upp á milljarða króna á næstu árum“. Stuttu síðar, 22. maí, er lítil frétt um að fulltrúar fyrirtækisins hafi verið í Bandaríkjunum til að ræða um sölu hugbúnaðarins og fengið „jákvæðar viðtökur“.

Einnig heyrðust þó raddir sem vöruðu við þessari bjartsýni. 14. júní þetta ár birtir Morgunblaðið yfirlýsingu frá stjórn Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja þar sem fullyrt er að tal um væntanlegar gjaldeyrstekjur vegna sölu á hugbúnaði Softis séu „algjörlega ótímabærar og að öllu óþarfar“. Við þetta er því síðan bætt að „[n]ægar yfirlýsingar hafi verið gefnar á undanförunum árum um að nú séu Íslendingar að fara að græða á hugviti en því miður hafi það ekki tekist með neinum verulegum árangri“.

25. júní þetta ár, 1992, er heilsíðugrein í Morgunblaðinu þar sem hugbúnaður Softis er útskýrður. Nokkrum dögum síðar, 1. júlí, er birt lítil auglýsing í Morgunblaðinu þar sem auglýst eru til sölu bréf í Softis á genginu 10. Ekki kemur fram hver seljandi er en tekið fram að kaupin veiti rétt á skattaafslætti.

20. nóvember er frétt í Morgunblaðinu um að líklega verði gengið frá sölu á hugbúnaði Softis til stórfyrirtækis sumarið á eftir. Í fréttinni er jafnframt rætt fram og til baka um það hve stór markaðurinn fyrir hugbúnaðinn geti verið og þá jafnframt tekjurnar. Vísað var í fréttina af baksíðu blaðsins. 3. desember er aftur sagt frá Softis í umfjöllun um útflutning á tölvuhugviti.

1993

Árið 1993 byrjaði umfjöllun um Softis með lítilli frétt í Morgunblaðinu 7. janúar um að Softis hafi átt hæsta gengi allra hlutabréfa árið á undan, 8,0, á opna tilboðsmarkaðinum. 12. mars 1993 er frétt á miðopnu Morgunblaðsins undir fyrirsögninni „Erlendir fjárfestar sýna Softis áhuga“. Kemur þar einkum við sögu fjármálafyrirtækið Oppenheimer og haft eftir íslenskum starfsmanni þess fyrirtækis að hlutabréf Softis séu „kjarakaup“. 1993 birtast ýmsar aðrar fréttir í blaðinu um gengi hlutabréfa í fyrirtækinu, sem hækkar úr um 8 í ársbyrjun í 30 í apríl.

30. apríl 1993 birtist mjög sérkennileg heilsíðuauglýsing frá Softis í Morgunblaðinu með yfirskriftinni „Einstakt tækifæri!“. Þar voru auglýst til sölu eigin bréf fyrirtækisins að nafnverði 1,2 milljónir. Bent er á að gengi bréfanna hafði þá hækkað ört og birt línurit því til staðfestingar, án allra talna þó. Ýmsar fullyrðingar eru settar fram, m.a. „Reikna má með því að fjárfesting í hlutabréfum Softis skili betri arði en gengur og gerist. Það er því einstakt tækifæri sem þér býðst núna“. Þá er nefnt sem dæmi um velgengni hluthafa að „[v]itað er um mann sem seldi bifreið sína til að kaupa sér hlutabréf í félaginu og daginn eftir átti hann andvirði tveggja bifreiða.“ Klykkt er út með því að benda á að mjög takmarkað magn bréfa sé til sölu og að kaupin veita skattafslátt.

Þessi auglýsing fór ekki framhjá bankaeftirlitinu og þann 6. maí er frétt um það í Morgunblaðinu að stofnunin sé að kanna málið og sérstaklega hlut Kaupþings í því. Með fréttinni fylgir yfirlýsing frá Kaupþingi um að það hafi ekki átt þátt í gerð auglýsingarinnar og sjái einungis um sölu bréfanna, án þess að mæla með eða á móti kaupum á þeim. Þennan sama dag birtir Morgunblaðið viðtöl við þrjá sérfræðinga á fjármálamarkaði þar sem þeir eru spurðir hvort ráðlegt sé að kaupa bréf í Softis á genginu 30, sem var það gengi sem Softis vildi selja á. Svör þeirra eru öll á þá lund að þetta sé mikil áhættufjárfesting og talsverðar líkur á að allt féð tapist en jafnframt veruleg hagnaðarvon ef vel tekst til. Í sama blaði er birt viðtal við forráðamenn Softis sem eru fullir bjartsýni sem fyrr og spá því m.a. að gengi hlutabréfa í fyrirtækinu eigi eftir að „hækka verulega á næstu árum og verða margfalt það sem það nú er.“

Daginn eftir, 7. maí, kemur fram að vegna athugasemda frá bankaeftirlitinu hafi Softis ákveðið að hætta við sölu á hluta af þeim bréfum sem auglýst voru þann 30. apríl. 4. júlí eru næst birtar fréttir af hlutabréfum í Softis og má þá sjá að verulega hefur dregið úr bjartsýni. Hæsta kautilboð er 3 en lægsta sölutilboð 11.

Ein góð frétt birtist um Softis síðar á árinu, 19. ágúst. Þar segir frá því að tekið sé að prófa hugbúnað Softis í Bandaríkjunum. Jafnframt er sagt frá því að hluthöfum hafi fjölgað og til standi að selja meira hlutafé til núverandi hluthafa. Haft er eftir forsvarsmönnum fyrirtækisins að þetta sé áhættufjárfesting og ekki víst að bréfin skili arði. Þeir séu þó bjartsýnir. 2. september er birt lítil frétt þar sem segir að fyrrgreint hlutafjárútböð fari vel af stað. Núverandi hluthöfum er boðið á genginu 6 en öðrum á genginu 9.

Vísbending fjallaði mun minna um Softis en Morgunblaðið. 1993 kemur fyrirtækið nokkrum sinnum við sögu vegna þess að einn þátttakandi í verðbréfareik sem tímaritið stóð fyrir veðjaði á hlutabréf í Softis. Það reyndist illa og fréttu lesendur Vísbendingar af því. Eftir tapið átti þessi þátttakandi enga möguleika á sigri, eins og sjá má í uppgjöri leiksins 6. janúar 2004.

20. júlí 1993 er fjallað aðeins um fyrirtækið í Vísbendingu og m.a. tekið fram að fyrrnefnda auglýsingu megi flokka sem slys, stjórnendur séu bjartsýnir en það eigi eftir að koma í ljós hvort vonirnar rætast.

1994 og síðar

Þrátt fyrir bjartsýni stjórnenda Softis vegna hlutafjárútböðs síðla árs 1993 birtir lítt á markaðinum með hlutabréf fyrirtækisins og 25. nóvember er frétt um

að hagstæðasta sölutilboð sé komið niður í 6,5 og ekkert kauptilboð liggi fyrir. Eftir þetta fer lítið fyrir bjartsýni á framtíð Softis í Morgunblaðinu. Nokkur umfjöllun er um það í Morgunblaðinu árið 1994 hvort hugbúnaður Softis, Louis, verði hugsanlega úreltur vegna tæknibreytinga. Það flytur fréttir af því sama ár að helstu stjórnendur séu hættir og að ekki hafi gengið að semja við stórfyrirtæki um að selja hugbúnað fyrirtækisins og síðan nokkrar fréttir af hlutafjárútkningu undir lok ársins og að fjármagn sé á þrotum. Hlutafjárútkningin gengur ekki vandræðalaust og verður um hana aftur nokkur deila við bankaeftirlitið. Aftur er selt hlutafé síðar, reksturinn heldur áfram og einhverjir samningar nást en tekjurnar láta á sér standa.

22. september 1995 er stuttlega minnst á Softis í Vísbendingu, sem dæmi um upphlaup á hlutabréfamarkaði og vísað til þess er gengið fór í skamma stund í 30. Eftir það segir nær ekkert af fyrirtækinu í Vísbendingu.

9. maí 1996 má lesa í Morgunblaðinu að tekjur fyrirtækisins árið áður hafi verið óverulegar eða innan við ein milljón króna. Þess vegna sé ekki færður hefðbundinn rekstrarreikningur en þess í stað séu rekstrargjöld eignfærð jafnóðum sem hugbúnaður enda kostnaðurinn nær allur fallið til vegna hugbúnaðarþróunar.

1999 má sjá að gengi bréfanna er komið í um 1,5. Eftir þetta fer fréttum af Softis enn fækkandi, fyrirtækið skiptir um nafn, eigendur og áherslur 2003 og heitir nú OpenHand.

Viðauki B: Umfjöllun um Oz

Fyrir 1995

Morgunblaðið fjallaði í fyrstu lítið um Oz. Þó var langt viðtal við forvígismenn fyrirtækisins 26. júlí 1992. Var Oz kynnt sem öflugt nýtt tölvuteiknifyrirtæki. Þá var minnst á fyrirtækið í mars 1993 í frétt um hugbúnað sem Oz hafði þróað.

1995

Árið 1995 var aftur stuttlega minnst á hugbúnað fyrirtækisins í nokkrum fréttum. Þetta ár er Oz jafnframt talið með í umræðu um fyrirtæki sem náð hafa árangri í útflutningi á hugbúnaði. Oz fær afar ítarlega og jákvæða umfjöllun á fjórum heilsíðum í Morgunblaðinu 17. september 1995. Inngangur greinarinnar gefur tóninn. Þar segir m.a.: „Tölvufyrirtækið OZ er í fremstu röð íslenskrar hátækni og með fremstu fyrirtækjum heims á ýmsum sviðum í graffíkvinnslu og tölvutækni. Fyrir skemmstu náði það meðal annars samningi við risafyrirtækið Microsoft og fleiri stórsamningar eru í burðarliðnum.“

Hlutabréf í Oz koma fyrst við sögu 25. nóvember 1995 þegar birt er frétt um að fyrirtæki frá Tævan hafi keypt 5% hlut í því á 32 milljónir og skv. því sé markaðsvirði fyrirtækisins alls 640 milljónir króna. Fram kemur í sömu frétt að Oz standi í samningaviðræðum við nokkur japönsk fyrirtæki um framtíðarverkefni. Í fréttinni er fullyrt að „Uppgangur OZ að undanfögnu þykir hafa verið ævintýri líkastur“. Daginn eftir er fjallað um fyrirtækið í ritstjórnargrein á afar jákvæðan hátt og því líkt við stórfyrirtækin Apple og Microsoft.

9. desember 1995 er birt viðtal við einn eigenda Oz þar sem hann segir frá opnun útibús í Japan, ýmsum samningum sem séu í deiglunni og miklum vexti sem sé fyrirsjáanlegur. 10. dögum síðar er sagt frá tvöföldun starfsmanna Oz. Síðasta frétt ársins er síðan birt 22. desember, þar sem sagt er frá hófi á Hótel Holti til að fagna velgengni Oz.

1996

1. mars árið 1996 sagði Morgunblaðið frá því í baksíðufrétt að til stæði að selja hlutafé í Oz innanlands, „vegna fjölda fyrirspurna frá innlendum aðilum“. Í fréttinni var markaðsvirði fyrirtækisins sagt 1,6 milljarðar króna og haft eftir framkvæmdastjóra þess að hann legði ríka áherslu á að hér væri um áhættufjárfestingu að ræða en að möguleikarnir væru jafnframt miklir.

15. maí sama ár sagði blaðið frá því í fyrirsögn að Oz hefði fengið frábærar viðtökur á tölvusýningu í Bandaríkjunum. Í fréttinni kom m.a. fram að fyrirtækið ætti í viðræðum við fjölmörg öflug fyrirtæki í Bandaríkjunum um samstarf og stefnt væri að því að selja hlutabréf á næstunni fyrir 5 milljónir Bandaríkjadala.

10. október 1996 var svo birt lítil frétt um að Oz stæði í stórræðum erlendis. Fyrirtækið væri að hefja dreifingu á hugbúnaði sínum erlendis og stefndi að því að búið yrði að dreifa honum í 10-20 milljónum eintaka á næsta ári.

1997

20. mars 1997 var aftur birt frétt í Morgunblaðinu af góðu gengi Oz á tölvusýningu í Bandaríkjunum. Kom þar m.a. fram að 4.000 manns hefðu sótt samkvæmi sem fyrirtækið hélt og hefðu 1.400 manns staðið í biðröð eftir að komast inn þegar mest var.

31. ágúst 1997 birtist svo loks frétt í Morgunblaðinu þar sem gætir örlíftillar vantrúar á velgengi Oz. Þá er sagt frá umfjöllun bandarísks tímarits, Red Herring, m.a. kemur fram að „[v]iðmælendum Red Herring í umræddri grein ber saman um að Oz sé í fararbroddi hvað varðar tækni í gerð þrívíðra heima á alnetinu. Hins vegar efast margir um hversu markaðsvæn vara sé hér á ferðinni. Sem stendur sé markaðurinn í það minnsta líttill.“ Þá er haft eftir einum yfirmanna MGM Interactive að gríðarlega erfitt sé að gera vöru sem þessa að söluvöru.

11. september 1997 sagði Morgunblaðið frá áhuga erlendra áhættufjárfesta á íslenskum fyrirtækjum í heilsíðugrein. M.a. var rætt um Oz og ÍE. 20. sama mánuðar sagði Morgunblaðið svo frá því að Oz væri að hefja „þriðja og síðasta áfanga hlutafjármögnunar“. Þjóða ætti íslenskum fjárfestum 2 milljónir hluta á genginu 1,3 dollarar hver en alls átti að selja 7 milljónir hluta þessu sinni. Sérstök athygli var vakin á fréttinni á baksíðu blaðsins.

Síðla árs birti Frjáls verslun langa umfjöllun um stofnanda Oz. Fyrirsögnin var „Undrabarnið“. Í inngangi greinarinnar segir: „Fá íslensk fyrirtæki hafa skotist upp á stjörnuhimininn með jafn miklu braki og brestum og tölvufyrirtækið Oz. Í hugum almennings hefur fyrirtækið þá ímynd að þar sé samankominn hópur undrabarna með þykk gleraugu sem grúfir sig yfir tölvuskjái allan sólarhringinn og lifir í einhvers konar þrívíddarheimi.“ Umfjöllunin er öll afar jákvæð.

Á árunum 1997 og 1998 hóf Oz samstarf við Ericsson, Microsoft og Intel og sagði Morgunblaðið frá því. Þá var nokkrum forvígismönnum Oz falið af samgönguráðherra að gegna lykilhlutverki í nefnd um framtíð fjarskiptamála á Íslandi og sagði Morgunblaðið frá því 28. nóvember 1997. Víkverji Morgunblaðsins sá sérstaka ástæðu til að fagna þessari nefndaskipan nokkrum dögum síðar, 2. desember. Kom þar m.a. fram að „[í] nefndinni eiga sæti tveir helztu forystumenn Oz, tölvufyrirtækis, sem hefur átt ævintýralegru velgengi að fagna á undanförunum árum...“ og að „[ó]hætt er að fullyrða, að langt er síðan nefndarskipan ráðherra hefur vakið jafn mikla athygli og þessi.“

1998

Árið 1998 byrjaði umfjöllun Morgunblaðsins um Oz með heilsíðuviðtali við forsvarsmann þess í Bandaríkjunum 8. febrúar. Annað viðtal í sama anda en enn stærra var birt við forsvarsmann Oz 21. júní. Í hvorugu viðtalinu var spurt gagnrýninnna spurninga.

Áfram var bjart yfir hlutabréfamarkaðinum árið 1998 og 23. ágúst það ár birti Morgunblaðið viðtal við 27 ára verðbréfamíðlara, með BA próf í markaðs- og viðskiptafræði frá Bandaríkjunum. Fyrirsögn viðtalsins var „Kampavín á Kaffivagninum?“ Hann sagði björtustu von Íslands „að sjálfsgöðu“ Íslenska erfðagreiningu, sem nánar verður vikið að síðar en nefnir líka Oz. Verðbréfamíðlarinn hælir Oz í hvívetna. Viðtalinu lýkur með samantekt um Oz og Íslenska erfðagreiningu. „Þessi tvö fyrirtæki gætu orðið okkar stjórnur; annað í

líftækni og hitt í hátækni. Það er heldur ekki pláss fyrir meira hér, held ég. Það er ekki til nóg af starfsfólki.“

Fyrirnefnt viðtal var hluti af opnumfjöllun undir yfirskriftinni „Fjárhirðar framtíðarinnar.“ Þar voru birt viðtöl við tíu unga karlmenn sem allir störfuðu á fjármálamarkaði um þær breytingar sem orðið höfðu á markaðinum árin á undan. Ungu karlmennirnir voru allir kappsamir og upplitsdjarfir og spáðu því að umsvif á fjármálamarkaði ættu eftir að aukast enn, eins og raunin varð.

Vorið 1998 birtir Frjáls verslun langa umfjöllun um útflutning á hugbúnaði. Oz er þar talið upp með sextán öðrum fyrirtækjum í geiranum en að öðru leyti er ekki fjallað um fyrirtækið. Haustið 1998 varð nokkur umræða um stofnun Íslandssíma en Oz stóð að henni. Helstu hluthafar voru Oz sjálf og forráðamenn fyrirtækisins. 22. september segir Morgunblaðið frá stofnun Íslandssíma í heilsíðugrein og fjögurra dálka frétt á baksíðu. Ýmsir, sérstaklega keppinauturinn Landssíminn, gagnrýndu að stofnendur Íslandssíma hefðu setið í nefnd samgöngumálaráðherra um framtíðarskipan fjarskiptamála. Morgunblaðið tók upp hanskann fyrir Oz menn vegna þessa og sagði gagnrýnina fráleita í leiðara.

Nokkrum dögum síðar, 27. september, segir Morgunblaðið frá því í fjögurra dálka frétt á baksíðu að Oz hafi samið um samstarf við Intel og listasafn í New York um 420 milljóna króna verkefni.

1999

21. janúar 1999 segir Morgunblaðið frá ræðu Alfred R. Berkeley forstjóra Nasdaq á Íslandi. Berkeley var mjög bjartsýnn á gengi netfyrirtækja og fyrirsögn frásagnarinnar er „Netið er framtíðin á hlutabréfamarkaði.“ Af þessu tilefni var einnig rætt við forstjóra Oz sem bendir m.a. á að „þau fyrirtæki sem hafi skilað hvað mestri ávöxtun á Nasdaq og öðrum hlutabréfamörkuðum séu hugbúnaðar- og tölvufyrirtæki.“ Forstjórinn segir styttest í skráningu Oz á Nasdaq markaðinn og bætir við „Það hefur engin grein eða iðnaður vaxið eins og Netið í sögu mannkynsins og menn hafa miklar væntingar til fyrirtækja af þessu tagi enda möguleikarnir óþrjótandi í þessum geira.“ Á næstu blaðsíðu er viðtal við athafnamanninn Jim Rogers sem m.a. upplýsir að hann eigi hlutabréf í Oz.

9. og 10. febrúar þetta sama ár segir Morgunblaðið síðan ítarlega frá „stórsamningi“ Oz við Ericsson um þróun á samskiptatækni fyrir Netið í fréttum, m.a. á baksíðu. Þar kemur m.a. fram að um milljarðasamning sé að ræða og að Oz sjái fram á margfalda veltu á næstu árum. Þá kemur fram að hlutabréf í Oz hafi hækkað um 70% á viku. Þetta verður blaðinu tilefni til leiðaraskrifa undir fyrirsögninni „Ævintýrið í OZ heldur áfram“. Í sama leiðara er einnig farið fögrum orðum um samning ÍE við svissneskt lyfjafyrirtæki.

Daginn eftir, 11. febrúar, segir Morgunblaðið frá því að í ræðu forstjóra Oz á viðskiptaþingi Verslunarráðs hafi komið fram að svokölluðu reynslutímabili fyrirtækisins væri lokið og það skilaði nú hagnaði, eftir tap fyrstu áranna. Ekki liðu margir dagar þangað til aftur var sagt ítarlega frá velgengni Oz í Morgunblaðinu. 17. febrúar birtir blaðið heilsíðuviðtal við tvo forsvarsmenn þess. Þeir eru vígreifir. Í fyrirsögn er því slegið upp að fyrirtækið sjá fram á að margfalda veltu á næstu árum. Fram kemur m.a. að það gæti komið að skráningu á hlutabréfamarkað á árinu.

Viðskiptablaðið gerði velgengni Oz og Íslenskrar erfðagreiningar að umfjöllunarefni í leiðara og Staksteinar Morgunblaðsins vekja athygli á því 18. febrúar þetta ár. Þar kemur m.a. fram:

Síðustu daga hafa borist jákvæðar fréttir af íslenskum hátæknifyrirtækjum. DeCode Genetics, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, hefur vakið verðskuldaða athygli erlendis og hugbúnaðar- og internetfyrirtækið OZ var á dögnum að ganga frá stórum samningum við sænska símajöfurinn Ericsson.

Hjá báðum fyrirtækjum hefur þetta leitt til mikillar hækkunar á gengi hlutabréfa í félögunum. Hvorki DeCode Genetics né OZ eru þó skráð á formlegan hlutabréfamarkað en það hefur þó ekki komið í veg fyrir að hlutabréf þeirra hafi gengið kaupum og sölum milli íslenskra fjárfesta um nokkurt skeið. Reyndar er það svo að viðskipti með þessi óskráðu bréf eru jafnvel líflegri og verðmyndun þar af leiðandi skilvirkari en gengur og gerist með mörg félög sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Eftir hækkanir á gengi hlutabréfa DeCode Genetics og OZ síðustu daga er svo komið að bæði félögin myndu skipa sér í hóp stærstu fyrirtækja á Verðbréfaþingi ef bréf þeirra væru þar skráð.

Jafnframt segir:

Í þessu felast mikilvæg skilaboð um þær breytingar sem eru að verða á íslensku atvinnulífi eins og svo víða annars staðar. Hátæknifyrirtæki eins og DeCode Genetics og OZ eru fyrirtæki framtíðarinnar, á þeirra vettvangi liggja sóknarfærin fyrir íslenskt atvinnulíf. Þetta eru fyrirtæki sem þekkja engin landamæri, fyrirtæki sem byggja verðmætasköpun sína fyrst og síðast á því að virkja afl mannshugarins. Á komandi árum mun fyrirtækjum sem þessum vonandi fjölga mjög í íslensku atvinnulífi. Þar liggja möguleikar okkar til að bæta enn lífskjörin í landinu.

Á forsíðu sérrits Viðskiptablaðsins þennan dag er frétt um Oz, undir fyrirsögninni „OZ á hraðri uppleið“. Í undirfyrirsögn segir „Hlutabréfin gætu haldið áfram að hækka að mati sérfræðinga á fjármálamarkaði“. Í fréttinni er sérstaklega fjallað um þann möguleika að hlutabréfin hækki mikið vegna skráningar á Nasdaq.

Nokkuð annar tónn var í umfjöllun Vísbendingar um Oz. 12. febrúar gerir tímaritið að umtalsefni ummæli forsvarsmanns Oz á viðskiptaþingi um tregðu lánastofnana til að lána gegn öðru en veðum í steinsteypu. Í umfjöllun Vísbendingar er sérstaklega bent á að auðvelt sé nú að fá fé til að hrinda ýmsum hugmyndum í framkvæmd. Ekki þurfi eigið fé, allt sé hægt að fá að láni. Blaðið telur það varhugavert að fjárfestar standi í stórræðum í von um skjótfengin gróða með fé sem þeir eiga ekki sjálfir. Slík viðskipti eigi að stunda með eigin fé, sem menn hafa efni á að tapa.

Í mars virðast blaðamenn Viðskiptablaðsins fara að efast aðeins um Oz og spyrja á forsíðu um fyrirtækið: „Góð fjárfesting eða sýndarveruleiki?“ Í undirfyrirsögn er vakin athygli á því að markaðsvirði fyrirtækisins er orðið 15 milljarðar en tekjurnar bara 700 milljónir.

Mikið gekk á þessa fyrstu mánuði ársins 1999 og 10. mars segir Morgunblaðið frá því að FBA og Landsvaki hafi orðið hlutskörpust í útboði á einni milljón hluta í Oz sem þau keyptu á 273 milljónir króna eða 3,8 dollara á hlut. Af þessu tilefni ef haft eftir forstjóra Oz: „Við fórum út í þetta hlutafjárútboð

vegna mikillrar eftirspurnar eftir bréfum í félaginu, auk þess sem okkur er mikið í mun að halda OZ hf. í meirihlutaeigu Íslendinga. Með hlutabréfaútgáfunni mun OZ treysta fjárhagslega stöðu sína og afla frekari fjármagns til frekari vaxtar félagsins.“ Morgunblaðið segist jafnframt hafa heimildir fyrir því að Oz verði skráð á Nasdaq síðar á árinu.

Daginn eftir eru þó birt nokkur varnaðarorð. Þá fullyrðir Morgunblaðið að „sumum hafi þótt ástæða til að benda fjárfestum á þá áhættu sem er samfara viðskiptum með bréf í óskráðum félögum.“

Á næstu opnu á eftir í sama blaði má þó heyra nokkuð annan tón. Þar er birt grein eftir forstöðumann verðbréfamíðlunar Fjárvangs. Í greininni er rakið hvers vegna „vitsmunalegur auður“ sé verðmætasta eign hvers fyrirtækis. Sérstaklega er Íslensk erfðagreining nefnd sem dæmi en einnig er vikið að Oz í þessu samhengi.

8. apríl 1999 er hins vegar fyrst viðruð sú hugmynd að hækkun hlutabréfaverðs í tækni- og nýsköpunarfyrirtækjum eins og Oz og deCode kunnir að vera spákaupmennskubóla. Það gerir Margeir Pétursson í grein í viðskiptablaði Morgunblaðsins.

Vorið 1999 birtir Frjáls verslun langa umfjöllun um Oz (4. tbl. 61. árg. bls. 56-61). Talsvert er fjallað um samstarfið við Ericsson og fyrirhugaða skráningu félagsins á Nasdaq markaðinn. Athyglisvert er að blaðamaðurinn spyr m.a. forstjórann: „Nú er mikið talað um að Internetfyrirtæki séu alltof hátt metin á markaðnum og þetta sé bóla sem geti ekki annað en sprungið. Óttist þið ekki að hún verði sprungin áður en þið komist inn á markaðinn?“ Forstjórinn gefur lítið fyrir þetta. Bendir á að svipað hafi verið sagt allt frá árinu 1996 en flest Internetfyrirtæki hafi haldið áfram að vaxa. „Netið gefur fyrirtækjum ótakmarkaða möguleika á beinu sambandi við viðskiptavinum og það mun vaxa áfram,“ segir hann. Hann bætir síðar við: „Ég hef meiri áhyggjur af gengi hefðbundinna fyrirtækja í hinum hefðbundna heimi sem eru ekki að nýta sér þá möguleika sem netið býður upp á; þessi fyrirtæki munu verða undir í samkeppninni.“ Blaðamaðurinn heldur þó áfram að spyrja nokkuð gagnrýnið, m.a. hvort það hafi orðið hagnaður af fyrirtækinu á síðasta ári eða á fyrsta ársfjórðungi 1999. Svarið er að svo var ekki en forstjórinn hefur litlar áhyggjur af því. „Þetta er er eitt af því í rekstri okkar sem fólk á erfitt með að skilja; hvernig hægt sé að reka og byggja fyrirtæki án þess að hafa að markmiði að skila hagnaði. Hagnaður af daglegum rekstri er skammtímasjónarmið. Við teljum mun mikilvægara að ná í markaðshlutdeild, ná í samstarfsaðila og halda áfram að þróa tæknina,“ segir forstjórinn. Hann segir það þó langtímamarkmið að fyrirtækið skili góðum hagnaði.

Í næsta tölublaði Frjálsrar verslunar er stutt viðtal við fjármálastjóra Oz og lögfræðing ÍE, en báðir eru stórmeistarar í skák. Þeir hæla báðir vinnuveitendum sínum. (5. tbl. 1999, 61. árg. bls. 44-46).

Árið 1999 keypti Ericsson hlutafé í Oz fyrir 13 milljónir Bandaríkjadala. Sagt var frá því í Morgunblaðinu 9. júní á heilsíðu, með mynd af undirritun samninga að viðstöddum forseta Íslands. Jafnframt var nokkrum sinnum sagt af samstarfi fyrirtækjanna í fréttum Morgunblaðsins þetta ár.

Nú fer fréttum af Oz hins vegar nokkuð fækkandi og tónninn er stundum annar en fyrr. Ljóminn er að fara af gráa markaðinum með hlutabréf. 17. júní 1999 gerir Margeir Pétursson lítinn áhuga á hlutabréfum Oz og ÍE að umtalsefni. Hann segir m.a. undir millifyrirsögninni „Frost á gráa markaðinum“: „Þegar góðar fréttir bárust af fyrirtækinu Oz.com í síðustu viku þá kom vel í ljós að peningar eru af skörnum skammti. Lítil eftirspurn var eftir hlutabréfum fyrirtækisins þótt ljóst sé af samningi þess við Ericsson að framtíð þess er trygg og tækifærin margskonar. Fréttirnar hefðu átt að vekja áhuga, en svo virðist sem flestir spákaupmenn hafi þegar verið búnir að birgja sig upp og frekar viljað selja en hitt.“ Síðan bætir Margeir við: „Það er leitt fyrir fyrirtæki framtíðarinnar eins og Íslenska erfðagreiningu og Oz að verslað sé með þau á nokkurs konar gráu svæði þar sem viðskiptin eru ekki gegnsæ. Því miður virðist sem þetta hafi orðið til þess að áhugi almennings hafi beinst inn á þennan óskráða og óskipulagða markað undanfarna mánuði. Það verður aldrei nógsamlega ítrekað að áhættan þar er mun meiri en hjá fyrirtækjum sem gangast undir þær ströngu kröfur sem Verðbréfafélag Íslands setur. Menn vita ekki nema þeir séu að kaupa köttinn í seknum þar sem litlar og einhliða upplýsingar liggja fyrir. Sú spurning vaknar hvort sumir þeir aðilar sem hafa verið að falbjóða óskráð verðbréf sín eða annarra upp á síðkastið hafi á annað borð lesið kauphallarlögin.“

26. ágúst er því slegið upp á forsíðu viðskiptablaðs Morgunblaðsins að fjölga eigi starfsmönnum Oz um helming. Í fréttinni kemur einnig fram að svokölluð þrívíddarþróun hafi farið hægar af stað en vonir stóðu til og ætli fyrirtækið nú að leggja höfuðáherslu á annað, samskiptalausnir.

2. september er fjallað í Morgunblaðinu um áhyggjur manna erlendis af verði hlutabréfa í netfyrirtækjum. Sérstaklega er minnst á bæði Oz og ÍE vegna þessa og tekið fram að líklega hafi markaðsgengi bréfa í þeim náð hámarki fyrr á árinu en síðan lækkað um því sem næst 30%. Erfitt sé þó að henda reiður á því hve mikil lækkunin hafi verið því að fyrirtækin séu ekki skráð á markað.

Tveimur dögum síðar, 4. september, er sagt frá því í fyrirsögn að tekjur Oz hafi aukist um 46% á ársgrundvelli. Eftir sem áður er þó tap á fyrirtækinu. Rætt er við forstjóran, sem er bjartsýnn að vanda. Blaðið ræðir einnig við starfsmann greiningardeildar Kaupþings, sem er ekki jafnánægður og segir fjárfesta eðlilega varkára þegar kemur að Oz. „Það er auðvitað almenn óvissa í rekstri á þessum markaði en fyrirtækið þarf vissulega að sýna meiri vöxt til að standa undir þeim væntingum sem til þess eru gerðar. Markaðsverðmæti er metið á í kringum 9 milljarða, sem er margföld velta fyrirtækisins, og það hlýtur að vekja spurningar. Samvinnan við Ericsson lofar þó góðu og fróðlegt verður að sjá hvað samningar um prófanir á iPulse leiða af sér,“ segir Kaupþingsmaðurinn. Í fréttinni er jafnframt tekið fram að gengi bréfa í Oz hafi farið lækkandi. Heimildir blaðsins segja að það hafi hæst farið í 4,8 dollara á hlut en sé nú allt að helmingi lægra eða 2,4 dollarar. Þegar sagt er frá nýjum framkvæmdastjóra Oz nokkrum vikum síðar, 15. október, segir Morgunblaðið í lok fréttarinnar frá því að gengi bréfa í fyrirtækinu sé nú komið í 2.

Vikið er stuttlega að Oz í grein í Vísbendingu 17. september. Þar er kaupréttur starfsmanna Oz tekinn sem dæmi um afkastahvetjandi launakerfi. Bent er á að ýmis hugbúnaðarfyrirtæki hafi beitt slíkum aðferðum til að ná í gott

starfsfólk og halda lykilstarfsfólki. Það hafi líka oft tekist, a.m.k. á meðan menn trúðu á hækkandi hlutabréfaverð.

2000

23. mars 2000 er sagt í Morgunblaðinu frá fyrirhugaðri fjölgun starfsmanna Oz um helming. 31. mars 2000 er sagt frá því að til standi að skrá bréf í Oz í kauphöll en nú er stefnt á Stokkhólm í stað Nasdaq. 4. maí er sagt í Morgunblaðinu frá uppgjöri fyrirtækisins fyrir árið 1999. Tap var þá á Oz, eins og raunar alla jafna og slær blaðið því upp í fyrirsögn, en í fréttinnig kemur jafnframt fram að eiginfjárstaðan hafði þó batnað mikið á árinu vegna sölu hlutafjár og breytanlegra skuldabréfa. Í sama blaði er jafnframt sagt frá því að stefnt sé að opnun skrifstofu í Asíu á árinu.

Slæmar fréttir koma síðar í maí. Þann 25. er sagt frá nær 100 milljóna króna tapi á fyrsta ársfjórðungi, þótt tekjur hafi aukist mikið. Stjórnendur Oz láta þó engan bilbug á sér finna og daginn eftir birtist frétt af undirbúningi fyrir skráningu á verðbréfaþing í Bandaríkjunum. Daginn þar á eftir er greint frá því að skráningu í kauphöll í Stokkhólmi hafi verið frestað, vegna markaðsaðstæðna.

Fréttir af tapi halda áfram. 23. ágúst kemur fram að tap á öðrum ársfjórðungi var 320 milljónir en heildartekjur 265 milljónir.

19. október 2000 birtir Morgunblaðið opnuviðtal við tvo stjórnendur hjá Oz þar sem farið er yfir framtíðarhorfur fyrirtækisins. Þær eru sagðar bjartar. Í fyrirsögn er tekið fram að Oz hafi nær ótakmarkaða þörf fyrir hæft fólk. Nokkrum dögum seinna kemur fram í Viðskiptablaðinu að líttill áhugi sé á bréfum Oz og verðbréfamiðlarar mæli ekki með kaupum. 18. nóvember er svo sagt frá því að Oz hafi keypt fyrirtæki í Kanada fyrir 2,3 milljarða króna sem sérhæfir sig í að þróa lausnir fyrir þriðju kynslóð farsíma.

2001

Árið 2001 er trú manna á netfyrirtæki að mestu horfin, bæði á Íslandi, sem annars staðar og umfjöllun um Oz ber þess merki. 18. janúar segir Morgunblaðið frá því að fyrirtækið Mobilestop, sem tengdist eigendum Oz, hefði lokað skrifstofum og sagt upp starfsfólki. 8. febrúar birtir Morgunblaðið opnugrein þar sem sagt er frá vandræðum netfyrirtækja við að afla fjármagns. Viðtal er við forstjóra Oz sem segir að búast megi við því að yfir 90% þeirra tæknifyrirtækja sem stofnuð hafi verið undanfarin ár muni hverfa. Hann telur þó að Oz verði eitt þeirra sem eftir standa. Ericsson gengur ekki vel, hlutabréfin falla og starfsmönnum er sagt upp. 21. apríl kemur fram að forsvarsmenn Oz hafi ekki heyrt um samdrátt á samstarfi Ericsson við þá.

2. júní segir Morgunblaðið frá afkomu Oz árið 2000 og á fyrsta ársfjórðungi 2001. Afkoman er skelfileg, 1.438 milljóna tap árið 2000 og 117 milljónir á fyrsta ársfjórðungi 2001. Fram kemur að ákveðið hafi verið að loka skrifstofu Oz í Svíþjóð. Hluti taps ársins 2000 er sagður tilkominn vegna afskrifta á hlutafé sem hafði verið lagt fram sem endurgjald vegna kaupa á fyrirtækjum í Kanada. Væntanlega er þar átt við að bókfærð viðskiptavild sem myndaðist við kaupin hafi verið afskrifuð. Fjórum dögum síðar gerir blaðamaður Morgunblaðsins frásögnina af tapi vegna afskrifta að umtalsefni í dálki sem nefnist Viðhorf í blaðinu. Þar vísar hann til ummæla framkvæmdastjóra Oz um að þetta séu ekki „raunverulegir peningar,“ heldur eingöngu hlutafé sem verið er að

afskrifa. Blaðamaðurinn gagnrýnir þessa hugsun harðlega og bendir á að frá sjónarhóli hluthafa sem keypt hafa bréf sínu séu þetta „raunverulegir peningar“.

14. júní ver Morgunblaðið enn einni heilsíðunni í Oz. Þar er saga fyrirtækisins rakin og sagt að enn sé mikil vænst af fyrirtækinu. Þó eru vandræði hluthafa einnig rakin og reiknað út að markaðsvirðið hafi farið í 11 milljarða þegar best lét en sé nú 3,7 milljarðar.

21. nóvember 2001 segir Morgunblaðið frá því að tapið fyrstu níu mánuði ársins hafi verið um 1,4 milljarðar króna. Eigið fé hefur þá minnkað mjög hratt á árinu. Daginn eftir er farið í stuttu máli yfir sögu Oz í blaðinu, í nafnlausum dálki sem kenndur er við Innherja, og sérstaklega hvernig fyrirtækið hafi kynnt ýmsar fyrirætlanir í gegnum tíðina, sem margar hafi ekki orðið að veruleika. Að óbreyttu siglir fyrirtækið í strand, er niðurstaða blaðamannsins en telur þó ekki útilokað að stjórnendum takist að afstýra því.

2002

11. janúar 2002 segir Morgunblaðið frá samningi Oz við bandarískt hugbúnaðarfyrirtæki og því að samningurinn við Ericsson sé að renna út. Daginn eftir kemur fram að tekjur af samningnum við bandaríska fyrirtækið verði ekki gefnar upp. 19. febrúar 2002 er viðtal í Morgunblaðinu við forstjóra Oz. Hann spáir því að hagnaður verði á fyrirtækinu á árinu, einkum vegna greiðslu frá Ericsson í tengslum við uppgjör á samstarfssamningi fyrirtækjanna. Fjallað er nokkuð um áherslubreytingar hjá Oz vegna loka þessa samstarfs. Fram kemur að bókfært eigið fé hafi verið neikvætt í lok árs 2001 og mikið tap verið á árinu, að hluta vegna þess að viðskiptavild var afskrifuð. Forstjórinn bendir þó á að slík afskrift hafi engin áhrif á peningalega stöðu Oz.

Nokkrum vikum síðar, 23. mars, er sagt frá því í lítilli baksíðufrétt í Morgunblaðinu að höfuðstöðvar Oz verði fluttar til Kanada og dregið úr starfsemi á Íslandi. 17. apríl kemur svo fram að tap ársins 2001 hafi verið um 2,4 milljarðar króna. 2. maí kemur fram að fyrsti ársfjórðungur hafi skilað hagnaði, einkum vegna þess að tekjufærðar voru greiðslur frá Ericsson í tengslum við lok samstarfssamningsfélaganna.

Í nóvember 2002 birtast í Morgunblaðinu slæmar fréttir af fjármálum Raufarhafnar. Sveitarfélagið hafði tapað stórfé á fjárfestingum í ýmsum tækifyrirtækjum og mestu á Oz. 30. nóvember birtist svo lítil frétt í Morgunblaðinu um að verulega hafi dregið úr umsvifum Oz en hagnaður hafi þó orðið af rekstrinum fyrstu níu mánuði ársins.

2003 og síðar

Árið 2003 fer Oz loks í prot. 19. febrúar kemur þó frétt um samning Oz við Nokia og daginn eftir frétt um breytingar hjá Oz vegna flutnings til Kanada. Haft er eftir markaðstjóra Oz að það hafi verið heillaskref.

10. apríl það ár segir Morgunblaðið frá því að dótturfélag Landsbankans hafi keypt keypt allar eigur Oz og að ólíklegt sé að almennir hluthafar í fyrirtækinu fái neitt fyrir bréf sín.

Rekstrinum er þó haldið áfram, með sömu stjórnendum og áður. Morgunblaðið segir nokkrum sinnum af Oz eftir þetta en áhuginn er mun minni

en áður. 1. október 2008 er sagt frá því að Nokia hafi keypt Oz. Kaupverð var ekki gefið upp.

Viðauki C: Umfjöllun um Íslenska erfðagreiningu/deCode

Fjölmiðlaumfjöllun um Íslenska erfðagreiningu (ÍE) eða deCode Genetics var mun meiri en um hin tvö fyrirtækin sem hér hafa verið sérstaklega til skoðunar, Oz og Softis. Hluti skýringarinnar er án efa að umsvif ÍE voru mun meiri en hinna, starfsmenn fleiri og rekstrarkostnaður meiri. Meiru skipti þó að fyrirætlanir forsvarsmanna ÍE urðu afar umdeildar. Raunar var forstjórinn sjálfur, Kári Stefánsson, einnig umdeildur enda litríkur mjög og með sterkar skoðanir á mönnum og málefnum sem hann lá ekki á.

Ólíkt Oz og Softis varð ÍE því fyrir mjög harðri opinberri gagnrýni. Gagnrýnin kom bæði fram í almennum fjölmiðlum innanlands en einnig var mikið rætt um fyrirtækið í erlendum fjölmiðlum. Mikil umræða varð innan læknaáttarinnar hérlandis, m.a. í sérfræðiritum um læknisfræði.

Gagnrýnin snerist að verulegu leyti um vísindasiðferði og sérstaklega persónuvernd. Einnig var deilt um þá grunnforsendu hvort aðferðir ÍE væru vænlegar til árangurs, þ.e. hvort mikil von væri til þess að fyrirtækinu tækist með þeim að skila merkum uppgötvunum í erfðafræði eða öðrum sérgreinum læknavísinda. Þá var deilt um það hvort raunhæft væri að ætla að hægt yrði að gera mikil verðmæti úr slíkum uppgötvunum.

Helsta deiluefnið var fyrirhugaður gagnagrunnur en í hann átti að skrá mikið af heilbrigðisupplýsingum og samnýta með erfðaupplýsingum við rannsóknir. Þessi hugmynd mætti mikilli andstöðu en það kom þó ekki í veg fyrir að alþingi heimilaði gerð gagnagrunnsins og samþykkti ríkisábyrgð vegna láns sem átti að taka til að fjármagna gerð grunnins. Á endanum féll ÍE frá því að setja upp þennan gagnagrunn.

Hér verður ekki farið nánar út í deilurnar um læknisfræði eða vísindasiðfræði sem spruttu upp vegna fyrirætlana ÍE en þess í stað horft til umræðu um viðskiptalíkan fyrirtækisins og hlutabréf þess.⁹

Morgunblaðið birti fjölmargar aðsendar greinar frá bæði gagnrýnendum og stuðningsmönnum ÍE. Hér verður ekki reynt að gera grein fyrir öllu því efni en fyrst og fremst horft til fréttar og ritstjórnarefnis.

1996

Morgunblaðið hefur alloft fjallað um málefni ÍE í ritstjórnargreinum, undantekningalítið með jákvæðum hætti. Fyrstu greinarnar voru skrifaðar í tilefni af því að fyrirtækið hóf starfsemi árið 1996. 23. nóvember það ár birtist frétt þar sem sagt er frá fjármögnun fyrirtækisins. Fréttinni er ekki slegið upp en sagt frá fyrirætlunum ÍE. Í viðtali við forstjóra kemur fram að markmiðið sé að starfsmenn verði um 100 eftir eitt ár og að reksturinn geti staðið undir sér á því ári ef samningar nást við eitt af nokkrum lyfjafyrirtækjum sem rætt hefur verið við. Þá kemur fram að stefnt sé að því að skrá ÍE á almennan hlutabréfamarkað í

⁹ Á heimasíðu samtakanna Mannvernd, sem börðust gegn gagnagrunninum, má finna fjölmarga tengla í greinar og fréttir þar sem fjallað er um fyrirætlanir ÍE um gagnagrunninn. Sjá <http://www.mannvernd.is>. Gísli Pálsson og Kristín E. Harðardóttir (2002) hafa einnig skrifað um umræðuna um gagnagrunnsmálið hérlandis eins og hún birtist á síðum Morgunblaðsins.

fram tíðinni en ekkert liggir fyrir um hvar eða hvenær það verði gert. Daginn eftir er gert meira úr málinu í löngu viðtali við forstjóran. Þann 29. nóvember er síðan fjallað um ÍE í leiðara blaðsins með jákvæðum hætti. Sérstaklega er sagt fagnaðarefni að einkaframtakið kostar reksturinn en ekki skattgreiðendur. Oft var fjallað um málefni ÍE í leiðurum Morgunblaðsins eftir þetta. Þá flutti blaðið jafnframt oft fréttir af umfjöllun erlendra blaða um ÍE.

1997

8. júní 1997 var birt opnuviðtal við framkvæmdastjóra fjármála- og þróunarsviðs ÍE í Morgunblaðinu. Síðar í sama mánuði, þann 26. var sagt nokkuð ítarlega frá gagnasafni með ættfræðiupplýsingum sem ÍE vann að með Friðriki Skúlasyni hf. Daginn eftir var fjallað um málið í leiðara og Ísland m.a. sagt „gósenland erfðarannsókn“.

26. júlí var svo spurt í fyrirsögn að umfjöllun á miðopnu Morgunblaðsins „Eru erfðir auðlind á við fisk og jarðhita?“. Uppistaðan í umfjölluninni er viðtal við forstöðumann lífefnafræðisviðs læknadeildar Háskóla Íslands. Hann varast hástemmdar yfirlýsingar en fjallar á yfirvegaðan hátt um nokkra þætti erfðarannsóknna.

27. september 1997 var sagt frá því að ÍE yrði væntanlega skráð á hlutabréfamarkað árið á eftir. Í myndatexta er tekið fram að starfsmenn verðbréfafyrirtækja og fagfjárfestar hafi sýnt starfsemi ÍE mikinn áhuga þegar þeim var gefinn kostur á að skoða fyrirtækið. 18. og 19. nóvember er fjallað um tilboð ÍE í fyrirtækið Gagnalind en það olli talsverðu fjaðrafoki. Þetta var undanfari heitrar umræðu um fyrirhugaðan gagnagrunn ÍE. Daginn eftir, 20. nóvember, er hins vegar jákvæð frétt birt í Morgunblaðinu, um að Nóbelsverðlaunahafi hafi tekið sæti í stjórn ÍE og starfsmönnum fjölgað mikið.

1998

Árið 1998 byrjaði umfjöllun um ÍE með nokkuð neikvæðri umræðu í Morgunblaðinu 29. janúar um notkun fyrirtækisins á upplýsingum um fólk sem hafði farið í meðferð vegna áfengissýki. Daginn eftir fjallar blaðið um þetta í leiðara þar sem m.a. er lýst áhyggjum af meðferð persónuupplýsinga í vísindarannsóknum en bent á að dulkóðun geti stuðlað að meira öryggi framvegis.

3. febrúar 1998 er sagt frá samningi ÍE og Hoffman La-Roche á allri miðopnu Morgunblaðsins. Í leiðara er af þessu tilefni talað um „undraverðan árangur“ fyrirtækisins. Tveimur dögum síðar er sagt frá því að ÍE leiti nú starfsfólks um allan heim og aftur er fjallað um fyrirtækið í leiðara. Þar er samningurinn við Hoffman La-Roche sagður „ævintýrlegur“. Á baksíðu sama blaðs er sagt frá því að starfsmenn ÍE fái kauprétt að hlutabréfum, að hlutafjárútböð verði á næstu dögum og að stefnt að skráningu á erlendan markað í framtíðinni. Umfjöllun annarra fjölmiðla var einnig jákvæð og talar Dagur af þessu tilefni um stóriðju hugvitsins í leiðara 6. febrúar. Á sömu nótum er skopmynd Sigmunds í Morgunblaðinu 14. febrúar.

Fréttir af fyrirætlunum ÍE voru oftast jákvæðar og byggðar á upplýsingum frá stjórnendum fyrirtækisins, líkt og raunin hafði verið með Softis og Oz áður. Gott dæmi um þetta er viðtal á miðopnu blaðsins sem birtist 7. febrúar 1998,

undir fyrirsögninni „Ljóðagerð við Lynghalsinn.“ Rætt er við Kára Stefánsson forstjóra og Hannes Smáráson framkvæmdastjóra fjármála- og þróunarsviðs.

Í viðtalinu segir frá örum vexti fyrirtækisins, sem hóf rekstur árið 1996, og nýlegum samningi við Hoffman-LaRoche lyfjafyrirtækið um kaup á rannsóknnum fyrir allt að 15 milljarða króna. Sagt er frá viðræðum við fjölmörg önnur lyfjafyrirtæki og sagt að áhugi þeirra á samstarfi hafi margfaldast þegar fréttist af samningnum við Hoffman-LaRoche.

Talsvert er rætt um hlutabréf fyrirtækisins í þessu viðtali. Fram kemur að stefnt er að hlutafjárútbóði innanlands og utan og fyrirhugaðri skráningu á alþjóðlegan hlutafjármarkað. Þá kemur fram að réttur til hlutabréfakaupa sé mikilvægur þáttur í kjörum starfsmanna. Fyrirtækið lánar þeim fyrir hlutafjárkaupum og þarf ekki að endurgreiða lánin fyrr en bréfin eru seld.

Í mars 1998 segir annars vegar frá samstarfssamningi ÍE og Hjartaverndar og hins vegar frá því að ÍE hafi fengið nýsköpunarverðlaun frá Rannsóknaráðs og Útflutningsráðs. Í apríl er meira líf í tuskunum. Þann 1. apríl er miðopna Morgunblaðsins lögð undir frásögn af frumvarpi heilbrigðismálaráðherra þar sem ætlunin sé að veita ÍE einkaleyfi til að færa heilbrigðisupplýsingar Íslendinga í gagnagrunn. Strax daginn eftir er löng umfjöllun um athugasemdir sem fjölmargir aðilar hafa við þessa hugmynd. Daginn þar á eftir birtist langt viðtal við forstjóra ÍE þar sem hann vísar gagnrýninni á bug. Daginn þar á eftir er miðopnan lögð undir umræðu um málið, undir fyrirsögninni „Kapp er best með forsjá“. Eins og fyrirsögnin ber með sér er greinin nokkuð gagnrýnin á hugmyndina um einkaleyfi til handa ÍE. 8. apríl er því slegið upp í fyrirsögn á miðopnu Morgunblaðsins að óvíst sé hvort gagnagrunnsfrumvarpið komist í gegn á yfirstandandi þingi. Jafnframt var rætt við ýmsa sem höfðu skoðun á málinu. Í leiðara á sömu opnu er hvatt til þess að deiluaðilar nái sáttum, ella séu störf fjölda háskólamenntaðra vísindamanna í hættu. Morgunblaðið flytur áfram næstu daga fréttir, viðtöl og greinar þar sem fjallað er um gagnagrunninn fyrirhugaða. Ekki er annað að sjá en að öll sjónarmið fái þar að njóta sín. Víkverji Morgunblaðsins blandar sér líka í málið og virðist hlynntur gagnagrunni ÍE.

Umræðan um hlutabréf ÍE heldur áfram og blandast óhjákvæmilega inn í gagnrýni ýmissra heilbrigðisstétta á fyrirætlanir þess. Stuðningsmenn ÍE geta hins vegar ekki til þess hugsað að hin glæstu viðskiptaáform verði að engu vegna andstöðu þeirra sem hafa áhyggjur af siðfræði málsins. Þau sjónarmið koma ágætlega fram í einni af mörgum aðsendum greinum í Morgunblaðinu um efnið. Þann 14. maí 1998 ritar Ragnar Þórisson, sem titlaður er verðbréfamiðlari: „Með því að tefja undirbúning málsins hafa íslenskir heilbrigðisspekúlantar skipað sér í sveit með sunnlenskum bændum sem mótmæltu komu símans þar sem hann truflaði þá frá heyskap og mjöltum.“

Fleira ungt fólk hefur greinilega hrifist af ÍE því að 14. maí 1998 segir Morgunblaðið frá því að í skoðanakönnun á meðal háskólanema hafi komið fram að flestir óski þess að vinna hjá fyrirtækinu eftir útskrift. Sérstaklega nýtur það hylli karla.

Vorið 1998 birtir Frjáls verslun fjögurra blaðsíðna umfjöllun um starfsmannastefnu ÍE. Stefnan er sögð eins og tíðkast í Silicon Valley. Sérstaklega er rætt um hlutabréfaeign starfsmanna og sagt frá fyrirhugaðri skráningu

félagsins í erlenda kauphöll. Í lok umfjöllunarinnar er rætt við framkvæmdastjóra fjármála- og þróunarsviðs, Hannes Smárason. Hann ber fyrirtækið saman við kvikmyndina Titanic. Segir að á ýmsu hafi gengið á meðan á tókum stóð en síðan verið uppskorið ríkulega. Hann klykkir út með að segja að ef ævintýri ÍE endar jafnvel sé ekkert að óttast. Lokaorðin eru „Framtíðin er gulltryggð!“

Í júní 1998 eru fluttar margar fréttir af afskiptum Tölvunefndar af þjónustumiðstöð rannsókna sem rekin var á vegum ÍE. Þá var í mánuðinum sagt frá framlagi ÍE til stofnunar fyrirtækis til að vinna hvata úr hita- og kuldaþolnum bakteríum.

7. júlí 1998 segir Morgunblaðið frá gagnrýninni umfjöllun Der Spiegel um ÍE og þann 15. frá öllu jákvæðari umfjöllun Forbes. 19. júlí ver Morgunblaðið síðan þremur blaðsíðum í umfjöllun um ÍE og gagnagrunninn. Frétttaflutningur og umræða um gagnagrunninn ætlar engan enda að taka.

Þann 23. júlí 1998 birtir Morgunblaðið viðtöl við nokkra af stjórnendum ÍE. Yfirfyrirsögnin er „Ekki sér fyrir endann á ævintýrinu um Íslenska erfðagreiningu“ og aðalfyrirsögnin „Enn frekari vöxtur mögulegur á næstu árum“. Það fyrsta sem blaðamaðurinn tekur eftir er að viðmælendurnir eru allir ungir, um eða rétt ríflega þrítugir. Þeir eru líka allir bjartsýnir á vöxt og viðgang ÍE. Meðal annars er rætt um að á Íslandi gæti myndast þyrping (e. cluster) í líftækniönaði, svipað og hjá tölvufyrirtækjum í Silicon Valley í Bandaríkjunum.

Haustið 1998 heldur umræðan um gagnagrunninn áfram af fullum þunga. Morgunblaðið leggur opnu undir hana þann 5. ágúst. Leiðarinn 16. ágúst er helgaður ÍE. Í honum er m.a. fullyrt: „Stofnun og starfræksla Íslenzkrar erfðagreiningar er bæði afrek og ævintýri. Kári Stefánsson hefur unnið einstætt afrek með því að fá fjárfesta til þess að leggja fram umtalsvert áhættufé í því skyni að koma fyrirtækinu á fót. Bæði innlendir og erlendir fjárfestar taka áhættu með þessari fjárfestingu. Hún getur skilað þeim margföldum arði, ef vel gengur. Þeir geta líka tapað öllu sínu fé, ef það fer á annan veg.“ Leiðarinn fjallar þó einkum um gagnagrunninn og álitamál vegna hans.

Þann 18. ágúst er síðan fjallað í Morgunblaðinu um ummæli forseta Íslands um gagnagrunnsmálið, sem hann lét falla á Hólahátíð. 6. september er enn einu sinni rætt við starfsmenn ÍE í Morgunblaðinu, í þetta sinn á þremur heilsíðum.

Í október 1998 birtir Morgunblaðið síðan ítarlegan greinaflokk um erfðarannsóknir og erfðafræði, í 11 tölublöðum alls, á nokkrum heilsíðum í hverju tölublaði. Blaðið birtir einnig fjöldan allan af aðsendum greinum um gagnagrunnsmálið. Málið er ekki til lykta leitt fyrr en í desember. Þann 20. desember, eftir samþykkt laga um gagnagrunn ÍE, leggur Morgunblaðið Reykjavíkurbref sitt undir málið. Enn á ný er stofnun og starfræksla ÍE sögð ævintýri. Markaðsvirði fyrirtækisins er sagt 18 milljarðar, sem slagar upp í markaðsvirði Eimskipafélagsins, sem þá var talið 23 milljarðar en það var þá hæsta markaðsvirði skráðs félags á Verðbréfaþingi Íslands.

1999

Í viðtali við Viðskiptablaðið í ársbyrjun 1999 segir forstjóri ÍE að líklega hafi rekstur fyrirtækisins verið í jafnvægi árið áður og hann gerir ráð fyrir

lítillsháttar hagnaði árið 1999. Athyglisvert er að hann segir að allt tal um markaðsvirði fyrirtækisins byggðist meira á ágiskunum en útreikningi, enda mjög lítið af bréfum á markaði. Í febrúar segir Viðskiptablaðið svo frá því að markaðsvirði ÍE sé orðið meira en Eimskip, eftirspurn sé enn meiri en framboð og því „ekki ólíklegt að bréfin haldi áfram að hækka“.

Árið 1999 fjölluðu fyrstu fréttir Morgunblaðsins af ÍE um kaup ÍE og Landssímans á hluta af fyrirtækinu Gagnalind. Gagnalind komst nokkrum sinnum aftur í fréttir á árinu. Áfram var einnig fjallað um rannsóknir ÍE og sagt frá helstu umfjöllun erlendra fjölmiðla um fyrirtækið. Þann 9. febrúar er lítil frétt í Morgunblaðinu um að ÍE íhugi að sögn Financial Times að selja hlutabréf í fyrirtækinu á verðbréfamörkuðum. Í fréttinni kemur fram að rætt hafi verið um að heildarverðmæti ÍE gæti verið um eða yfir 300 milljónir dollara og gengi bréfa í því 11 dollarar á hlut.

Þann 7. mars 1999 fjallar Morgunblaðið um fyrirtækið Flögu í opnugrein. Greinin fjallar að miklu leyti um góðar vaxtarhorfur fyrirtækisins. Blaðamaður spyr forsvarsmann Flögu m.a. að því hvort hann sjái fyrir sér að Flaga verði orðin „Íslensk erfðagreining tvö“ innan fimm ára.

Þann 18. mars birtir Morgunblaðið frétt um árangur í erfðafræðirannsóknum vegna augnsjúkdóma og ræðir við prófessor við Kaliforníuháskóla í Los Angeles vegna þess. Prófessorinn lýsir mikilli hrifningu yfir starfi ÍE og segist m.a. vita mörg dæmi þess að alþjóðleg fyrirtæki litu ÍE öfundaraugum vegna þeirra einstöku aðstæðna sem fyrirtækið byggði að hér á landi.

Þótt móðurfélag ÍE hafi ekki verið skráð á markað fyrr en síðar þá var þegar orðið nokkuð um viðskipti með bréf félagsins á hinum svokallaða grúa markaði árið 1999. Verðmyndun á slíkum markaði er ávallt ófullkomin og 11. mars 1999 hefur Morgunblaðið eftir sérfræðingi í greiningardeild Kaupþings að „[ó]líkt skráðum félögum á markaði þá eru afskaplega litlar upplýsingar til reiðu um rekstur Íslenskrar erfðagreiningar. T.a.m. þá veit enginn hversu mikil viðskipti eru að baki þessum hækkunum heldur ræður þar alfarið ferðinni orðrómur og afspurn sem spákaupmenn geta nýtt sér til hagnaðar. Fjárfestar ættu því að gera sér grein fyrir að umsvif með hlutabréf á slíkum markaði geta haft í för með sér miklar og skjótar sviptingar á gengi bæði, til hækkunar og lækkunar.“ Svipuð varnaðarorð, einnig frá Kaupþingi, birtust í Morgunblaðinu 22. júní. Þar er tekið upp úr Morgunpunktum Kaupþings að skortur á upplýsingum um rekstur ÍE sé áhyggjuefni.

Í byrjun júní birtir Viðskiptablaðið viðtal við aðstoðarforstjóra ÍE. Þar er gengið á hann með spurningum um það m.a. hvort fyrirtækið stundi það að reyna að hafa áhrif á gengi bréfa félagsins með „flugeldasýningum“ og var þar vísað til þess að mikið hafði birst af tilkynningum um árangur í rannsóknum sem gæfu í skyn að niðurstöður hefðu fengist sem væru verðmætar. Aðstoðarforstjórinn þvertekur fyrir þetta.

Þann 17. júní 1999 leggur Morgunblaðið miðopnuna undir frásögn af undirritun sammings um kaup fjögurra íslenskra fjármálastofnana á 17% hlut í móðurfélagi ÍE. Fram kemur að stofnanirnar ætla að selja sinn hluta áfram til annarra innlendra fagfjárfesta. Í nafnlausum dálki, kenndum við Innherja, er einnig fjallað um málið. Þar er m.a. velt upp þeirri spurningu hvers vegna

erlendir eigendur hlutabréfanna hefðu verið tilbúnir að sela við verði „sem virðist vera mjög hóflegt“. Jafnframt er spurt „Hverjir fá tækifæri til að kaupa þessi bréf, sem að sumra mati munu tífoldast í verði á næstu árum?“. Þá er fullyrt „Þegar til skemmri tíma er litið er nánast enginn vafi á því, að þeir sem fá tækifæri til að kaupa bréf geta hagnast verulega á viðskiptum með þau á næstu mánuðum og jafnvel misserum“. Hins vegar kemur fram að ekki sé hægt að slá því föstu að „ævintýrið“ gangi upp þegar til lengdar lætur. Greinarhöfundur telur þó meiri líkur á því en minni.

Nokkrum dögum síðar var sagt frá því að sala hlutanna í ÍE áfram til annarra innlendra fjárfesta hefði þegar gengið eftir að hluta. Þá er ætlunin að skrá fyrirtækið á hlutafjármarkað síðar á árinu og gefa þá almenningi kost á að kaupa bréf í því.

Kaupþing var ekki ein af þeim fjármálastofnunum sem keyptu bréf í móðurfélagi ÍE til endursölu hér innanlands í júní 1999. 24. júní 1999 birtist í Morgunblaðinu nafnlaus grein, í dálki sem kenndur er við innherja, þar sem lagt er út af þessu. Fyrirsögnin er „Afbrýðissemi á fjármálamarkaði“. Í greininni er ráðist harkalega á Kaupþing vegna umfjöllunar þann 22. júní um viðskipti með hlutabréf ÍE. Þema greinarinnar er að ástæða þessarar umfjöllunar Kaupþings hafi einfaldlega verið afbrýðisemi yfir því að hafa ekki verið með í kaupunum. Daginn eftir birtir Morgunblaðið svar Kaupþings vegna greinarinnar þar sem m.a. er ítrekuð gagnrýni vegna þess hve litlar upplýsingar hafa verið veittar um rekstur ÍE.

Þessa sömu viku er einnig nokkuð fjallað um það í Morgunblaðinu hvort lífeyrissjóðir megi kaupa hlutabréf í deCode og hvort þeim hafi verið það heimilt.

Áfram hélt umræðan um hlutabréf móðurfélags ÍE. 1. júlí 1999 fullyrðir Margeir Pétursson í aðsendri grein í Morgunblaðinu að í ÍE liggja eitt magnaðasta viðskiptatækifæri sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir.

Talsverða athygli vakti einnig þegar Viðskiptablaðið setti 10. mars 1999 í fyrirsögn yfir alla forsíðuna „Meiri áhætta að kaupa ekki“. Yfirfyrirsögnin var „Hversu álitleg fjárfesting er deCode?“ svo að ekki fór á milli mála við hvað var átt. Svarið var haft eftir forstöðumanni markaðsviðskipta Búnaðarbankans. Í fréttinni sjálfri kom þó ekki fram alveg jafnsterk yfirlýsing en haft er eftir forstöðumanninum að „fyrir fjársterka aðila er jafnvel meiri áhætta að fjárfesta ekki og missa af hugsanlegum hækkunum.“

Í október setur Viðskiptablaðið í fyrirsögn „Fleiri eftir að auðgast á DeCode“. Það er byggt á viðtölum við sérfræðinga á fjármálamarkaði.

Í desember 1999 eru birtar nokkrar fréttir og greinar í Morgunblaðinu um málefni fyrirtækisins Gagnalindar sem ÍE eignaðist stóran hlut í. Þann 12. desember birtist síðan frétt um mikinn áhuga á ÍE í Bandaríkjunum. Þar kemur m.a. fram að allir helstu fjölmiðlar Bandaríkjanna hafi fjallað um fyrirtækið. Þá er haft eftir framkvæmdastjóra Íslensk-ameríska verslunarráðsins að allt stefni í að ÍE verði fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá skráningu á stóran alþjóðlegan hlutabréfamarkað. Jafnframt segir: „Að sögn kunnugra á manna á bandaríska fjármálamarkaðinum er beðið eftir því með eftirvæntingu að deCode verði skráð á hlutabréfamarkaðinn en ekki hefur verið tilkynnt hvenær það gerist.“

Síðla árs 1999 kom einnig út bókin Kári í jötunmóð eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing. Bókin var skrifuð án samráðs við Kára Stefánsson forstjóra ÍE en fjallar einkum um hann, fyrirtækið og gagnagrunnsmálið.

2000

Frásögn Morgunblaðsins af málefnum ÍE árið 2000 byrjar á fréttum um yfirvofandi málshöfðun vegna deilna um höfundarétt að ættfræðiupplýsingum 7. og 14. janúar. Öllu jákvæðari frétt birtist einnig þann 14. janúar þar sem fram kom að ÍMARK hafði valið forstjóra ÍE sem markaðsmann ársins. Þann 23. janúar kemur fram í Morgunblaðinu að vonir standi til að vinna við gagnagrunn ÍE hefjist innan nokkurra mánaða og birt er samkomulag fyrirtækisins við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið vegna málsins. Blaðið helgar Reykjavíkurbref sitt þessu og fagnar málalokunum, m.a. því að samið hafi verið um eins konar auðlindagjald. Áfram er þó deilt um gagnagrunninn og Morgunblaðið flytur fréttir af því. Blaðið flytur einnig fréttir af því að ÍE hafi verið valið sem eitt af 50 framsæknustu fyrirtækjum heims. Þá koma af og til fréttir af árangri ÍE í rannsóknum og umfjöllun erlendra fjölmiðla. Sömuleiðis koma af og til fréttir af viðræðum ÍE við Læknafélagið vegna gagnagrunnsmálsins en þær ganga mjög brösuglega.

Athyglisvert er að 3. febrúar 2000 birtir Morgunblaðið grein eftir leigubifreiðastjóra sem hefur áhyggjur af fjárfestingum lífeyrissjóða. Hann færir rök að því að verðmæti ÍE og fjármálafyrirtækisins FBA og fleiri íslenskra fyrirtækja sé sápuhála, sem gæti sprungið. Hann bendir m.a. á að eignir ÍE séu ekki aðrar en eitt hús og býsn af tilraunaglösum, að öðru leyti sé fyrirtækið bara sápuhála. Ekki verður séð að þessi grein hafi vakið neina sérstaka athygli.

11. febrúar 2000 segir Morgunblaðið frá því að umsókn um skráningu deCode Genetics, móðurfélags ÍE, á Nasdaq markaðinn verði líklega lögð fram þann dag. Haft er eftir dagblaðinu The Times að Morgan Stanley, sem hafði umsjón með skráningunni fyrir hönd ÍE, muni líklega telja deCode 500 milljóna dollara virði en líklegt sé þó að markaðsvirði fyrirtækisins muni vaxa ört. Ekki komi á óvart að sögn The Times að markaðsvirðið fari í 2 milljarða dollara. Með fréttinni er birt línurit sem sýnir gengi bréfa í fimm líftæknifyrirtækjum síðustu 12 mánuði. Þau hafa öll hækkað mjög mikið.

Í ársbyrjun 2000 spyr Frjáls verslun í forsíðufyrirsögn „Hve ríkur er Kári?“ Þar er vísað til forstjóra ÍE, sagt að hlutur hans í fyrirtækinu sé ekki undir 8 milljarða virði og fyrirtækið allt 113 milljarða virði. Inni í blaðinu kemur fram að gengi bréfa í ÍE sé 53 dollarar á hlut. Í greininni eru vangaveltur um það hvert gengi bréfa í ÍE verði þegar fyrirtækið verður loks skráð á Nasdaq. Nefnt er að það geti farið í 150 en einnig lækkað í t.d. 25-35. Þó er fullyrt að flestir telji að verðið muni hækka við skráningu, einkum vegna gagnagrunnsins. Í greininni er bæði gerð grein fyrir sjónarmiðum stuðningsmanna og andstæðinga ÍE og forstjórans og gagnrýni Kaupþingsmanna á upplýsingagjöf. Greinin endar á vangaveltum um það hvort forstjóri ÍE sé „bóla eða sání“. Ekki er reynt að skera úr um það en bent á að hugsanlegt sé að ævintýrið um ÍE renni út í sandinn eftir tíu til fimmtán ár.

Í sama tölublaði er umfjöllun um vinsælustu fyrirtæki landsins. Fram kemur að ÍE er langefst, með 18,3% atkvæða, meira en tvöfalt meira en árið áður, þegar það fékk 8,2%. Árið 1998 hafði það rétt komist á blað, með 1,2%.

Í mars 2000 varð nokkur umræða um fjárstuðning ÍE við stjórn málaöfl. Í sama mánuði tilkynnti ÍE að sótt hefði verið um skráningu á Nasdaq markaðinn fyrir bréf í móðurfélagi þess, deCode. Þvert ofan í væntingar margra þá varð þessi frétt þó ekki til þess að verð bréfa í félaginu hækkuðu á grúa markaðinum á Íslandi. Þvert á móti þá fer verð þeirra lækkandi næstu vikur. Hæst virðist það hafa farið í ríflega 60 Bandaríkjadali á hlut en fer ört lækkandi fyrri helming ársins 2000. Þegar tilkynnt er í maí að líklegt útboðsgengi á Nasdaq verði á bilinu 14-18 dollarar lækkar enn verðið innanlands.

Í apríl 2000 flytur Morgunblaðið nokkrar fréttir af málaferlum gegn ÍE í Bandaríkjunum.

Árið 2000 fara fréttir af lækkandi verði hlutabréfa í deCode að verða algengar í Morgunblaðinu og jafnframt er gerð nokkuð rækileg grein fyrir viðvarandi hallarekstri fyrirtækisins, sem fram kemur í ársfjórðungsuppgjörum. Jákvæðar fréttir koma einnig frá fyrirtækinu, um samninga við erlend lyfjafyrirtæki og ýmiss konar læknisfræðilegar uppgötvanir, sem þó virðist langt í að skili umtalsverðum tekjum.

29. júní 2000 helgar Morgunblaðið leiðara sinn rannsóknnum í erfðafræði. Þar segir m.a.: „Íslendingar eru þegar byrjaðir að taka þátt í því ævintýri sem erfðavísindin geta orðið með hjálp genakortsins. Íslensk erfðagreining og Urður, Verðandi, Skuld hafa haslað sér völl og ljóst að framlag okkar getur orðið umtalsvert.“

15. júlí fjallar Morgunblaðið um vitnisburð forstjóra ÍE fyrir bandarískri þingnefnd. Einnig er sagt frá því í lítilli baksíðufrétt að bréf félagsins verði ekki einungis skráð á bandaríska hlutabréfamarkaðinn Nasdaq heldur einnig evrópska systurmarkaðinn Easdaq. 18. júlí 2000 hefjast loks viðskipti með bréf deCode á Nasdaq markaðinum. Útboðsgengi er 18 en fyrstu viðskipti á Nasdaq eru á genginu 29,5 dollarar á hlut. Morgunblaðið fagnar þessu í leiðara 20. júlí. Þar er þó bent á að ÍE sé áhættufyrirtæki og enginn geti fullyrt neitt um það hvaða árangur verði af starfsemi þess, frekar en annarra fyrirtækja á sama sviði.

Í september 2000 verður nokkur umræða um stofnun krabbameinsmiðstöðvar, aðkomu ÍE að málinu og deilur á milli ÍE og Landspítala vegna þessa. Morgunblaðið greinir frá þessu í fréttum. 12. september skrifar Morgunblaðið leiðara um líftækniiðnaðinn á Íslandi. Þar kemur m.a. fram að hann sé að verða blómleg atvinnugrein hérlendis og ÍE sé stórveldið á því sviði.

2. nóvember segir Morgunblaðið frá kynningu á íslenskum fjárfestingarkostum fyrir erlendum fjárfestum í London. Fram kemur að talsverður áhugi er á íslenskum líftækniyrirtækjum. Þann 10. nóvember er síðan opnuviðtal við hjón sem starfa hjá ÍE. Þann 14. nóvember er sagt frá því að ÍE hafi verið valið þekkingarfyrirtæki ársins af Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Áfram eru einnig fluttar fréttir af uppgötvunum starfsmanna ÍE. Þann 23. er síðan sagt frá því að ÍE hafi verið eitt fjögurra íslenskra fyrirtækja sem kynnt voru fjárfestum á ráðstefnu í New York. Þann 30. er sagt frá því að á símafundi með fjárfestum hafi forstjóri ÍE boðað tilkynningu um mitt næsta ár um tímamót í krabbameinsrannsóknnum. Þá er einnig sagt frá tveimur nýjum dótturfyrirtækjum ÍE og miklum tekjumöguleikum þeirra. Þann 17. desember gerir Morgunblaðið svo ÍE enn einu sinni að umræðuefni í Reykjavíkurbréfi sínu. Þar segir m.a.: „Líklega er á engan hallað þótt fullyrt sé að Kári Stefánsson,

forstjóri Íslenzkrar erfðagreiningar, sé frumkvöðull okkar samtíma á Íslandi.“ Jafnframt er fullyrt að ÍE sé eitt mesta ævintýrið í íslensku atvinnulífi á síðari hluta 20. aldar, þótt enginn geti nú vitað hvernig til hefur tekist þegar upp verður staðið.

Árin 1998 til 2000 náði fréttaflokkur Morgunblaðsins af málefnum ÍE hámarki. Árið 2001 eru fréttir eða greinar þar sem minnst er á fyrirtækið nær þriðjungur færri en árið áður og þeim fer síðan fækkandi ár frá ári. Áfram er rætt um gagnagrunnmálið, uppgötvanir vísindamanna ÍE og samninga við erlenda og innlenda samstarfsaðila en neikvæð umfjöllun um afkomu og gengi hlutabréfa hefst jafnframt og tekur sífellt meira rými.

2001

Þrátt fyrir hrun á gengi deCode þá heldur ÍE efsta sætinu í vali Frjálsrar verslunar á vinsælasta fyrirtæki landsins. Nær helmingi færri velja þó fyrirtækið en árið áður.

Umfjöllun Morgunblaðsins um málefni ÍE árið 2001 hefst þann 12. janúar með frétt af fyrirhugaðri krabbameinsmiðstöð. Þann 16. janúar birtist frétt af fundi forstjóra ÍE með innlendum fjárfestum. Umræðuefni fundarins var m.a. slæmt gengi bréfa félagsins, eins og raunar fleiri líftæknifyrirtækja. Ljóst er af fréttinni að fjárfestarnir hafa ekki verið yfir sig ánægðir með gang mála. Tónninn í þessari frétt er allt annar en í fyrri fréttum um rekstur og framtíðarhorfur ÍE. Forstjórinn segist þó bjartsýnn á framtíð fyrirtækisins og bendir m.a. á að það hafi fjármagn til mjög langs tíma. Þann 23. janúar 2001 skrifar Morgunblaðið leiðara um ÍE og gagnagrunninn. Þar er hvatt til þess að sátt náist milli deiluaðila svo að hægt sé að hefja vinnu við grunninn af fullum þunga. Það gengur þó ekki eftir og í lok janúar og byrjun febrúar birtist nokkrar fréttir af því að ekkert gangi í samningaviðræðum ÍE við Læknafélagið um gagnagrunnmálið. 22. febrúar skrifar Morgunblaðið leiðara þar sem enn er hvatt til þess að niðurstaða náist um gagnagrunninn. Deilurnar halda þó áfram, ekki síst á síðum Morgunblaðsins.

Þann 7. mars flytur Morgunblaðið fréttir af stórum samningi ÍE við dótturfyrirtæki Hoffmann-La Roche sem sagður er upp á meira en 4,5 milljarða króna. Þann 5. apríl skrifar Sigurður B. Stefánsson grein í viðskiptablað Morgunblaðsins. Hann fjallar þar almennt um hlutabréfamarkaðinn og þá lækun sem þá þegar hafði orðið á gengi hlutabréfa margra fyrirtækja. Hann staldrar sérstaklega við að gengi bréfa ÍE er komið niður undir 6 dollara á hluta, litlu meira en peningalegar eignir fyrirtækisins sem hann segir samsvara 4,80 dollurum á hlut. Þann 13. júní slær Morgunblaðið því upp á miðopnu að ÍE hafi náð samningi við danskt fyrirtæki um samstarf.

Um mitt ár 2001 fjallar Frjáls verslun ýtarlega um „peningana í ættfræðinni“. Þar er m.a. bent á að ættfræði er mikilvægur þáttur í starfsemi tveggja líftæknifyrirtækja, ÍE og UVS, auk ferðaþjónustu og bókaútgáfu. Sagt er að leiða megi líkur að því að ættfræðin hafi fært 30 milljarða króna inn í landið á örfáum árum og að 1.250 manns byggji að einhverju leyti afkomu sína á ættfræðiupplýsingum þjóðarinnar. Þar vegur ÍE þyngst.

Morgunblaðið sagði samviskusamlega frá gengi deCode fyrstu misserin eftir skráningu á Nasdaq. Í töflu sem birt var daglega er gengi bréfanna talið upp með lokagildum helstu alþjóðlegu hlutabréfavísitalna. Þessu var ekki hætt fyrr en

árið 2003. Jafnframt er samviskusamlega sagt frá ársfjórðungsuppgjörum, en fyrirtækið er jafnan gert upp með tapi. Fréttirnar af gengi deCode eru einnig sjaldnast góðar. Gengi bréfanna helst ekki lengi nálægt 30 og í lok ársins er það nálægt 10. 29. júní 2001 hækkar verð bréfanna um rúm 40% á einum degi en lækkar svo nær jafnhvætt aftur. Morgunblaðið sagði frá hækkuninni á baksíðu sinni þann 30. júní. Hækkunin virðist hugsanlega hafa orðið vegna orðróms um samning við dótturfyrirtæki Hoffman-LaRoche sem Morgunblaðið segir frá 3. júlí. Morgunblaðið segir síðan frá öðrum stórum samningi ÍE þann 19. júlí og minni samningi þann 25. júlí.

Síðsumars 2001 birtir Frjáls verslun langa grein um hugbúnaðargeirann á Íslandi. Minnst er mjög stuttlega á Oz ásamt fjölda annarra fyrirtækja.

28. ágúst 2001 getur Morgunblaðið loks greint frá því að langþráðu takmarki sé náð. Samkomulag er orðið á milli ÍE og Læknafélagsins um gagnagrunninn. Blaðið leggur miðopnuna, þ.m.t. leiðarann, undir frásögn af þessu og er með frétt á baksíðu. Þann 21. nóvember er miðopnan og leiðarinn aftur undir og enn stærri frétt á baksíðu. Tilefnið er að ÍE hefur að eigin sögn lokið gerð erfðakorts fyrst allra fyrirtækja. Leiðarahöfundurinn notar stór orð af þessu tilefni og segir m.a. að ÍE sé nú eitt af leiðandi fyrirtækjum heims á sínu sviði.

2002

Árið 2002 er ÍE þriðja árið í röð vinsælasta fyrirtæki landsins í könnun Frjálsrar verslunar og bætir við sig frá fyrra ári. Í viðtali við forstjórann í tilefni af þessu kemur fram að hann hefur ekki miklar áhyggjur af fjármálunum. Hann segir fyrirtækið standa fjárhagslega vel og eigið fé dugi til rekstrar í fjögur til fimm ár, auk þess sem tekjurnar komi til með að aukast töluvert á næstu tveimur árum. Hann lætur heldur ekki sveiflur í gengi hlutabréfa fyrirtækisins halda fyrir sér vöku. Í næsta tölublaði blaðsins kemur fram að forstjóri ÍE hefur lent í öðru sæti í vali á athyglisverðustu forstjórum landsins. Það voru 37 forstjórar sem völdu. Rætt er við forstjórann í tilefni þessa. Hann er m.a. spurður hvað geri manni eins og honum kleift að setja á stofn fyrirtæki eins og ÍE. Hann svarar: „Ég hugsa að maður þurfi að vera raunveruleikafirrtur til að láta sér detta þetta í hug. Raunveruleikafirring er eflaust mikilvæg þegar kemur að því að ráðast í erfið verkefni og vera handviss um að maður geti það sem maður ætlar sér.“

Árið 2002 byrjar umfjöllun Morgunblaðsins um ÍE með frétt þann 9. janúar um kaup á bandarísku lyfjaþróunarfyrirtæki. Með þeim kaupum er ÍE sagt vera komið á fulla ferð í lyfjaþróun. Morgunblaðið fagnar þessu í leiðara, undir fyrirsögninni „Nýir landvinningar ÍE“. Nokkur varnaðarorð eru þó látin falla:

„Rekstur Íslenzkrar erfðagreiningar er vissulega áhætturekstur en hingað til hefur sá áhætturekstur gengið upp. Það er því rík ástæða til fyrir okkur Íslendinga að fagna þessu nýja skrefi í starfsemi merkilegs fyrirtækis.“

Það er aldrei auðvelt að ryðja nýjar brautir eins og Kári Stefánsson og fyrirtæki hans eru að gera. Efasemdarraddir verða alltaf háværar og ekki við öðru að búast. Enginn getur á þessari stundu fullyrt að þau markmið, sem Íslenzk erfðagreining stefnir að náist. En líkurnar fyrir því að svo vel takist til aukast.“

27. janúar 2002 birtir Morgunblaðið fjórblöðung með grein undir yfirskriftinni „Á hverjum munum við lifa?“. Þar eru skoðaðar framtíðarhorfur

Íslensks efnahagslífs. Komið er víða við og rætt við marga. Meðal þeirra er forstjóri ÍE. Hann segir m.a.: „Ég held að það sé hægt að búa til alveg geysileg verðmæti með því að byggja upp bæði líftækni- og lyfjaiðnað. Við þurfum til dæmis ekki að búa til nema eitt gott lyf. Það gæti auðveldlega skilað af sér tekjum sem jafnast á við allar þær tekjur sem koma af íslenskum sjávarútvegi. Í því felst að vísu ákveðin áhætta en ég held að þetta sé ein af aðferðunum til þess að búa til verðmæti í íslensku samfélagi.“ Morgunblaðið leggur út af greininni í leiðara 30. janúar og segir þá m.a. að Íslensk erfðagreining og Össur séu þau íslensku fyrirtæki sem virðast eiga mesta vaxtarmöguleika.

Nokkrum dögum síðar tekur ÍE nýtt hús í notkun. Af því tilefni fjallar Morgunblaðið enn einu sinni um ÍE í leiðara, þann 5. febrúar. Mikið lof er borið á fyrirtækið og forstjóra þess. M.a. segir: „Það er löngu orðið ljóst, að Íslenzk erfðagreining er eitthvert mesta ævintýri, sem íslenzka þjóðin hefur upplifað í okkar samtíma.“ Afkoman batnar þó ekki. 14. mars segir Morgunblaðið frá því að tekjur ÍE hafi aukist um 46% á milli ára en tap ársins 2001 þó verið 4,7 milljarðar króna.

10. apríl 2002 fer öll miðopna Morgunblaðsins enn einu sinni undir málefni ÍE. Nú er það frásögn af því að ríkisstjórnin hafi ákveðið að leggja fram frumvarp um 200 milljóna dollara ábyrgð til handa ÍE til að fjármagna lyfjapróun fyrirtækisins. Blaðið lýsir yfir eindregnum stuðningi við málið í leiðara. Nokkrar deilur verða um málið næstu daga, bæði á alþingi og utan þess. Morgunblaðið sér ástæðu til að ítreka stuðning sinn við málið í leiðara þann 12. apríl. Eins og svo oft áður kemur fram í leiðaranum að höfundurinn telur uppbyggingu ÍE „ævintýri líkasta“. Áfram heldur blaðið að flytja fréttir af uppgötvunum starfsmanna ÍE, samstarfssamningum og umfjöllun erlendra fjölmiðla um fyrirtækið.

Í fjórða tölublaði Frjálsrar verslunar þetta ár kveður við allt annan tón en í þeim fyrstu tveimur þegar fjallað er um ÍE. Nú er birt löng grein þar undir fyrisögninni „Líftími deCODE“. Þar er fjallað um áhyggjur margra á fjármálamarkaði af því að framtíð fyrirtækisins kunni að vera í hættu, það brenni upp fé en gangi illa að afla tekna. Farið er yfir reksturinn, tekjur, kostnað, eigin fé, viðskiptahugmynd og fleira og ýmsar sviðsmyndir skoðaðar. Ekki er komist að neinni ákveðinni niðurstöðu en bent á að ef allt fari á versta veg þá verði fyrirtækið ekki langlíft.

Í september vekja uppsagnir hjá ÍE talsverða athygli. Tónninn í fréttum um fyrirtækið breytist smám saman á árinu 2002 og uppsagnirnar gera fréttirnar enn neikvæðari. Í stað umræðu um glæsta framtíð og hækkun hlutabréfaverðs koma fréttir af taprekstri, uppsögnum og óvissu um það hvort fyrirtækið lifi hremmingarnar af. Áfram er jafnframt deilt um gagnagrunninn, þrátt fyrir að lagafrumvarp um hann hafi verið samþykkt og sátt nást við Læknafélagið eftir erfiðar viðræður. Morgunblaðið hvetur enn til þess að smíði hans verði hafin í leiðara 20. október. Í nóvember kemur í ljós að fjármál Raufarhafnar eru í ólestri vegna fjárfestinga í hlutabréfum, m.a. í ÍE og Oz. Undir lok ársins kemur út bók eftir Steindór J. Erlingsson (2002) þar sem fjallað er á gagnrýninn hátt um líftækni og erfðavísindi og þau fyrirheit sem fyrirtæki á þessu sviði hafa gefið um að þeim muni takast að finna lækningar við ýmsum meinum.

Forstjóri ÍE er alltaf bjartsýnn á framtíðarhorfur fyrirtækisins í fjölmiðlum. Allt kemur fyrir ekki. Gengi bréfa ÍE heldur áfram að lækka þangað til

Í ársbyrjun 2003 þegar það er komið nálægt 3. Þá hjarnar það aðeins við og fer aftur yfir 10 fyrri hluta 2004. Síðan hefur leiðin legið áfram niður á við og síðustu mánuði 2008 hefur það verið langt undir 1.

Eftir að að tæknibólan var sprungin fór mun minna fyrir umfjöllun um hagnaðarvonina sem felst í erfðarannsóknunum ÍE og annarra fyrirtækja. Áfram eru birtar fréttir af ýmsum uppgötvunum sem ÍE tilkynnir um en fjárhagslegar fréttir eru flestar neikvæðar. Samvisskusamlega er greint frá tapi af rekstri ÍE á hverjum ársfjórðungnum á fætur öðrum. Uppsagnir starfsmanna árið 2002 eru talsvert áfall og fleiri fréttir af þeim toga koma síðar.

2003

Árið 2003 telst ÍE ekki lengur vinsælasta fyrirtæki landsins í könnun Frjálsrar verslunar, er komið niður í 7-8 sæti, með tæp 5% atkvæða.

Árið 2003 byrjar þó með góðum fréttum. 10. janúar er sagt frá áfanga í rannsóknunum starfsmanna ÍE í Morgunblaðinu og 23. sama mánaðar frá samningi við IBM um sölu hugbúnaðar. 1. febrúar er sagt frá samningi við bandarískt lyfjafyrirtæki. 10. febrúar er sagt frá því að stefnt sé að því að opna hjúkrunarheimili fyrir langveik börn um haustið. Velferðarsjóður barna leggur fram fé til að útbúa húsnæði en sjóðurinn varð til fyrir framlag frá ÍE.

ÍE heldur áfram að fækka starfsfólki og 14. ágúst kemur fram í Morgunblaðinu að fyrirtækið hafi tapað 1,9 milljörðum á fyrri helmingi ársins, sem var þó minna tap en á sama tíma árið áður. Aðstoðarforstjórinn boðar daginn eftir að nú stefni í að fyrirtækið hætti að ganga á handbært fé í lok ársins. Í október dregur aftur til tíðinda. 18. og 20. þess mánaðar segir Morgunblaðið frá uppgötvunum vísindamanna ÍE og þann 19. er lítil frétt um mikla hækkun hlutabréfa fyrirtækisins. 8. nóvember segir Morgunblaðið frá fyrstu vöru ÍE og því að forstjórinn telji fyrirtækið komið yfir erfiðasta hjallann. Rúmri viku síðar, þann 17. nóvember, slær Morgunblaðið því upp á forsíðu að lyf gegn hjartaáföllum sem ÍE ætlar að hefja prófanir á „Gæti skilað gríðarlegum tekjum eftir fimm ár“.

Viðauki D: Umfjöllun um netbólu

1999

Leit í gagnasöfnum Morgunblaðsins og Vísbendingar leiðir í ljós að hugmyndin um að hækkun hlutabréfaverðs væri bóla var mönnum ekki ofarlega í huga fyrr en líða fór á árið 1999. Orðin *hlutabréf* og *bóla* koma ekki fyrir saman í grein í Morgunblaðinu fyrr en 27. maí það ár. Þá er rætt um verð á hlutabréfum í bóksölunni Amazon.com í Bandaríkjunum sem hugsanlega bólu. Þetta er gert í aðsendri grein eftir Margeir Pétursson. Nokkru áður, 6. maí, hafði verið löng umfjöllun um hlutabréfaverð í Morgunblaðinu og m.a. tekið fram að mörgum þætti það orðið allhátt. Ekki er mikil áhersla á verð á hlutabréfum í netfyrirtækjum í greininni en einn viðmælandinn nefnir Íslenska erfðagreiningu sem dæmi um fyrirtæki sem ætti að vera með hátt V/H hlutfall vegna mikilla vaxtarmöguleika.

Athyglisverð grein birtist í Vísbendingu 25. júní. Fyrirsögnin gefur tóninn, hún er „1929 og 1999“. Greinin fjallar raunar einkum um 1929 en undir lok hennar er bent á að margt sé líkt með þessum tveimur árum. Þátttakendur á mörkuðum hagi sér eins og ný lögmál gildi og allir þykist vera sérfræðingar. Vitnað er í ummæli forstjóra Oz um að hagnaður af daglegum rekstri sé „skammtímasjónarmið“ sem dæmi um þau viðhorf sem nú ríki.

Margeir Pétursson minnst aftur á bólu á hlutabréfamörkuðum í þremur öðrum greinum árið 1999, 1. júlí, 16. september og 30. desember. Hann spáir því þó aldrei beinlínis í þessum greinum að netbólan muni springa, segir bólu jafnvel við góða heilsu.

13. ágúst 1999 birtir Vísbending grein undir fyrirsögninni „Netbólan“. Greinin er nokkuð afdráttarlaus og bendir m.a. á Oz sem netbólufyrirtæki. Í greininni segir m.a. „Það er margt sem bendir til þess að ævintýrið sé úti hjá netfyrirtækjum, að allt í einu þurfi þau að lúta sömu lögmálum og önnur fyrirtæki á markaðinum í stað þess að vera í annarri vídd.“ Þessi grein vakti m.a. athygli fréttamanna RÚV sem greindu frá henni í fréttum nokkrum dögum síðar.

Undir lok ársins 1999 birtir Frjáls verslun nokkuð ítarlega grein um verðmat á netfyrirtækjum, eftir Þröst Sigurjónsson. Þar eru raktir ýmsir þættir málsins, ýmsar matsaðferðir sem beitt hefur verið og fleira. Höfundur reynir ekki að skera úr um hvort verð á slíkum fyrirtækjum sé bóla, segir erfitt að segja til um það.

2000

Það er þó ekki fyrr en árið á eftir, 2000, sem fullyrt er að netbólan sé sprungin eða við það að springa.

7. janúar er lítill pistill í Vísbendingu þar sem bent er á lækun hlutabréfaverðs í Bandaríkjunum, sérstaklega í fyrirtækjum þar sem verðið hefur að miklu leyti byggst á væntingum. Sagt er að of snemmt sé að segja til um hvort lækunin verði viðvarandi eða hvort bréf eigi jafnvel eftir að lækka enn meir. Íslenskum fjárfestum er bent á að fylgjast með þessu, sérstaklega með hliðsjón af íslenskum fyrirtækjum sem eru hliðstæð þeim bandarísku, t.d. Oz og ÍE.

Í öðru tölublaði Frjálsrar verslunar er mynd af gullgrafara á forsíðu og inni í blaðinu löng grein undir fyrirsögninni „Gullæði grípur um sig“. Þar er verið að vísa til andrúmsloftsins á hlutabréfamarkaði. Inngangsorðin eru eftirfarandi: „Áhugi almennings á hlutabréfaviðskiptum er orðinn svo mikill að líkja má við gullæði. Það er ekki bara að margir ætli að verða ríkir á met tíma heldur er svo komið að á mannamótum eru gengi hlutabréfa, fyrirtæki og stjórnendur þeirra helsta umræðuefnið. Sumir hafa lýst þessu sem gullæði, þessari vakningu, á þá leið að hlutabréfaviðskipti séu orðin nýjasti lottóleikur landsmanna. Það þarf enginn að undrast þennan stóraukna áhuga á hlutabréfum: Á aðeins nokkrum árum hefur hlutabréfamarkaðurinn ekki aðeins gert marga Íslendinga ríka, heldur forríka!“ Greinarhöfundur er almennt frekar bjartsýnn en þó falla nokkur almenn viðvörunarorð um að hlutabréf séu áhættufjárfesting og að varast skyldi að gera sér of háar hugmyndir um margfaldan hagnað á met tíma. Greinarhöfundur telur að fréttir af gróða annarra kitli fólk og ýti undir gullæðið. „Hvers vegna ekki að taka þátt í leiknum þegar sumir breytast úr milljónamæringum í milljarðamæringa á skömmum tíma? En þess má geta að minna fer jafnan fyrir umræðu um þá sem eru að tapa.“ Í greininni kemur fram að algengt sé orðið að fólk taki lán til hlutabréfakaupa. Aðeins er minnst á tæknifyrirtæki í greininni, m.a. að verð á bréfum í þeim hafi hækkað mikið erlendis þrátt fyrir að hagnaður hafi verið lítil.

4. febrúar það ár spyr Tómas Örn Kristinsson í aðsendri grein í Vísbendingu „Hvenær springur Netbólan?“ Niðurstaða hans er að það sé ekki spurning hvort heldur hvenær hún geri það. Þegar fer að líða á árið hverfur vafinn.

Vorið 2000 skrifar forstjóri Kaupþings grein í Frjáls verslun um breytingar á hagkerfi heimsins. Hann bendir m.a. á að fyrirtæki sem starfa í tengslum við netið eða í greinum eins og fjarskiptum og líftækni sæki sífellt í sig veðrið en hefðbundnar atvinnugreinar vegi æ minna. Hann telur að verðmæti margra fyrirtækja í nýju greinunum virðist hafa farið út fyrir öll skynsemismörk, a.m.k. þegar hefðbundnir mælikvarðar séu notaðir. Hann telur þó ekki mikla ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu. Hann bendir á að nýju fyrirtækin byggi mikið á mannauði og telur eðlilegt að þau noti kaupréttarsamninga til að fá sem mest út úr starfsfólki sínu.

20. apríl fjallar Már Wolfgang Mixa í Morgunblaðinu um verðlækkun á hlutabréfum í tæknifyrirtækjum í Bandaríkjunum. Hann bendir m.a. á vanda þeirra fjárfesta sem hafa keypt fyrir lánsfé og standi nú frammi fyrir veðköllum. Staða þeirra geti flýtt lækkun hlutabréfaverðs og aukið sveiflur.

Sumarið 2000 birtir Frjáls verslun langt viðtal við lækni á Akureyri sem fer fyrir hópi fjárfesta sem keypt hafa hlutabréf í margs konar tæknifyrirtækjum, m.a. Skynet Telematics.com. Forsíðumyndin er af læknum fyrir framan einkaflugvél. Fram kemur að bréf í Skynet hafa lækkað talsvert undanfarið. Viðmælandinn er þó bjartsýnn á það og tæknigeirann almennt og lætur heldur ekki mikla lækkun á Nasdaq heldur slá sig út af laginu.

9. nóvember fullyrðir Margeir Pétursson í grein í Morgunblaðinu að netbólan sé „loksins sprungin“. 28. desember talar hann aftur um sprungna netbólu í sama blaði. Eftir árið 2000 birtast fjölmargar greinar í Morgunblaðinu og all margar í Vísbendingu þar sem talað er um netbóluna sem hafi sprungið.

24. september 2000 helgar Morgunblaðið Reykjavíkurbref sitt hinu svokallaða „nýja hagkerfi“. Tilefnið er m.a. grein Svanfríðar Jónsdóttur alþingismanns í blaðinu tveimur dögum áður og nýleg umfjöllun tímaritsins Economist um sama efni. Rakið er m.a. hvers vegna langan tíma getur tekið fyrir tækninýjungar að skila sér í aukinni framleiðni. Niðurstaðan fyrir Ísland er að upplýsingatæknibyltingin muni leiða til bættra lífskjara fyrir landsmenn á næstu árum og áratugum.

2001

Í öðru tölublaði Frjálsrar verslunar 2001 er Margeir Pétursson fenginn til að koma með ráðleggingar til fjárfesta í ljósi reynslunnar af hruninu árið 1929. Hann leitar m.a. í smiðju til Warren Buffett, Benjamin Graham og Philip Carrett. Fram kemur að fjárfestar á hlutabréfamarkaði hafa gengið í gegnum miklar hremmingar síðasta árið. M.a. er vísað til lækkunar á Nasdaq.

Viðauki E: Fréttir og greinar í dagblöðum og tímaritum, í tímaröð

- Uppörvandi að sjá framsækin íslensk fyrirtæki. (1991). Morgunblaðið 12. desember (284. tbl. 79. árg. bls. B12).
- Þorsteinn I. Sigfússon (1992). Rannsóknir og nýsköpun. Morgunblaðið 18. janúar. (14. tbl. 80. árg. bls. 14).
- Nýr íslenskur hugbúnaður gæti valdið tölvubyltingu. (1992). Morgunblaðið 7. maí (102. tbl. 80. árg. bls. 52).
- Fékk hugmyndina þegar ég ætlaði að endurbæta bókhaldsforrit (1992). Morgunblaðið 8. maí (103. tbl. 80. árg. bls. 2).
- Viðræður hafnar um sölu á Louis. (1992). Morgunblaðið 22. maí (115. tbl. 80. árg. bls. 5).
- Ótímabærar og óþarfar yfirlýsingar Softis. (1992). Morgunblaðið 14. júní (133. tbl. 80. árg. bls. 2).
- Marinó G. Njálsson. (1992). Louis – nýr hugsunarháttur í hugbúnaðargerð. Morgunblaðið 25. júní (141. tbl. 80. árg. bls. B8).
- Hlutabréf. (1992). Morgunblaðið (auglýsing) 1. júlí (146. tbl. 80. árg. bls. 9).
- Galdramennirnir í Oz. (1992). Morgunblaðið 26. júlí. (168. tbl. 80. árg. bls. 13).
- Líklega gengið frá sölu á Louis-forritinu næsta sumar. (1992). Morgunblaðið 20. nóvember (266. tbl. 80. árg. bls. 23 og 52).
- Marinó G. Njálsson. (1992). „Vannýttir stofnar“. Morgunblaðið 3. desember (277. tbl. 80. árg. bls. C10).
- Softis hf. með hæsta gengi ársins. (1993). Morgunblaðið 7. janúar (4. tbl. 81. árg. bls. B2).
- Oz margmiðlar á aðalfundum (1993). Morgunblaðið 11. mars (58. tbl. 81. árg. bls. B10).
- Hlutabréf í Softís hækka og erlendir fjárfestar gera fyrirspurnir. (1993). Morgunblaðið 12. mars. (59. tbl. 81. árg. bls. 29).
- Einstakt tækifæri! (1993). Morgunblaðið (auglýsing) 30. apríl (96. tbl. 81. árg. bls. 3).
- Bankaeftirlitið kannar hlutabréfasölu í Softis. (1993). Morgunblaðið 6. maí (100. tbl. 81. árg. bls. 2).
- Er ráðlegt að kaupa í Softis á genginu 30? (1993). Morgunblaðið 6. maí (100. tbl. 81. árg. bls. B4-5).
- Bjartsýnin í fyrirrúmi hjá Softis. (1993). Morgunblaðið 6. maí (100. tbl. 81. árg. bls. B4).
- Softis dregur til baka sölu á hluta af hlutabréfunum. (1993). Morgunblaðið 6. maí (101. tbl. 81. árg. bls. 2).
- Verðbréfastærurinn: Hallar undan fæti. (1993). Vísbending 4. júní (21. tbl. 11. árg. bls. 4).

- Sölutilboð langt undir fyrra markaðsverði. (1993). Morgunblaðið 4. júlí (148. tbl. 81. árg. bls. 2).
- Verðbréfaleikur Vísbendingar. (1993). Vísbending 10. maí (17. tbl. 11. árg. bls. 4).
- Verðbréfaleikurinn: Gengisgróði og hrun á Softis. (1993). Vísbending 8. júlí (26. tbl. 11. árg. bls. 4).
- Óvíst að gengi hlutabréfa hafi náð lágmarki. (1993). Vísbending 20. júlí (27. tbl. 11. árg. bls. 1-2).
- Verðbréfaleikurinn: Stefnir upp á við. (1993). Vísbending 9. ágúst (30. tbl. 11. árg. bls. 4).
- Samið um frumprófun á Louis hugbúnaðinum. (1993). Morgunblaðið 19. ágúst (185. tbl. 81. árg. bls. B2).
- Hlutfjárútboðið fer vel af stað. (1993). Morgunblaðið 2. september (197. tbl. 81. árg. bls. B2).
- Verðbréfaleikurinn: Hvar er apinn? (1993). Vísbending 10. september (35. tbl. 11. árg. bls. 4).
- Verðbréfaleikurinn: Spenna á toppnum (1993). Vísbending 7. október (39. tbl. 11. árg. bls. 4).
- Lítill hreyfing á bréfum í Softis. (1993). Morgunblaðið 25. nóvember (269. tbl. 81. árg. bls. 4).
- Verðbréfaleikurinn: Spurt að leikslokum. (1994). Vísbending 6. janúar (1. tbl. 12. árg. bls. 4).
- Er Louis óþarfi? (1994). Morgunblaðið 19. maí (111. tbl. 82. árg. bls. B2).
- Markaðsátak hjá Softis. (1994). Morgunblaðið 20. október (239. tbl. 82. árg. bls. B2).
- Sala bréfanna í athugun hjá bankaeftirlitinu. (1994). Morgunblaðið 17. desember (289. tbl. 82. árg. bls. 18).
- Hlutabréfasala Softis löguð að gildandi reglum. (1994). Morgunblaðið 24. desember (295. tbl. 82. árg. bls. 20).
- Leggja fram nýtt hlutfé í Softis hf. (1995). Morgunblaðið 23. ágúst (189. tbl. 83. árg. bls. 2).
- Telja Softis arðvænlegt. (1995). Morgunblaðið 24. ágúst (190. tbl. 83. árg. bls. B2).
- Grýtt leið Louis inn á markaðinn. (1995). Morgunblaðið 24. ágúst (190. tbl. 83. árg. bls. B6).
- Evrópusambandið styrkir íslenska margmiðlun. (1995). Morgunblaðið 3. september (199. tbl. 83. árg. bls. 56).
- Galdrakarlinn í Oz. (1995). Morgunblaðið 17. september (211. tbl. 83. árg. bls. B1-4).
- Sigurgeir Jónsson (1995). Ávöxtun hlutabréfa í kringum aðalfundi. Vísbending 22. september. (36. tbl. 13. árg. bls. 3-4).

Samsvarar 640 milljóna heildarverðmæti. (1995). Morgunblaðið 25. nóvember. (270. tbl. 83. árg. bls. 16).

Ævintýri í Oz. (1995). Morgunblaðið 26. nóvember. (271. tbl. 83. árg. bls. 28).

Opna útibú í Tókýó. (1995). Morgunblaðið 9. desember. (282. tbl. 83. árg. bls. 16).

Fjöldi starfsmanna mun nær tvöfaldast. (1995). Morgunblaðið 19. desember. (290. tbl. 83. árg. bls. 18).

Oz-fögnuður. (1995). Morgunblaðið 22. desember. (293. tbl. 83. árg. bls. 53).

Markaðsvirði OZ komið í 1,6 milljarða. (1996). Morgunblaðið 1. mars. (51. tbl. 84. árg. bls. 60).

Softis semur við tvö bandarísk fyrirtæki. (1996). Morgunblaðið 7. febrúar (31. tbl. 84. árg. bls. 14).

Horfur á auknum tekjum hjá Softis. (1996). Morgunblaðið 9. maí (104. tbl. 84. árg. bls. B2).

Fengum frábærar viðtökur. (1996). Morgunblaðið 15. maí (109. tbl. 84. árg. bls. 14).

Hlutabréfin boðin á genginu átta. (1996). Morgunblaðið 9. júlí (153. tbl. 84. árg. bls. 18).

Framtíðin er björt. (1996). Morgunblaðið 29. september (222. tbl. 84. árg. bls. E16-18).

Oz í stórræðum erlendis. (1996). Morgunblaðið 10. október. (231. tbl. 84. árg. bls. B2).

Tekur undir sum kvörtunarefni kæranda. (1996). Morgunblaðið 7. nóvember (255. tbl. 84. árg. bls. B11).

Stofnfé Íslenskrar erfðagreiningar 800 milljónir. (1996). Morgunblaðið 23. nóvember. (269. tbl. 84. árg. bls. 16).

Lesið í erfðaefnið. (1996). Morgunblaðið 24. nóvember. (270. tbl. 84. árg. bls. 18-21).

Rannsóknir og einkaframtak. (1996). Morgunblaðið 29. nóvember. (274. tbl. 84. árg. bls. 34).

Úr hellulögnum í vísindastörfin. (1996). Morgunblaðið 29. desember. (297. tbl. 84. árg. bls. 18).

Íslenskar vísindarannsóknir eflast. (1997). Morgunblaðið 23. janúar. (18. tbl. 85. árg. bls. 28).

Oz og Intel í samstarfi. (1997). Morgunblaðið 18. febrúar (40. tbl. 85. árg. bls. 16).

Örtröð á kynningu Oz í Los Angeles. (1997). Morgunblaðið 20. mars. (66. tbl. 85. árg. bls. B4).

Mikil umfjöllun erlendra fjölmiðla. (1997). Morgunblaðið 1. maí. (97. tbl. 85. árg. bls. B2).

Aðalágóðinn til sjúklinganna. (1997). Morgunblaðið 8. júní. (127. tbl. 85. árg. bls. 24-25).

520 þúsund Íslendingar hafa þegar verið skráðir. (1997). Morgunblaðið 26. júní. (141. tbl. 85. árg. bls. 11).

Ættfræði og erfðafræði. (1997). Morgunblaðið 27. júní. (142. tbl. 85. árg. bls. 30).

Nærri því að finna orsök MS-sjúkdóms. (1997). Morgunblaðið 9. júlí. (152. tbl. 85. árg. bls. 4).

Hlutfjár aukning samþykkt hjá Softis. (1997). Morgunblaðið 30. ágúst (195. tbl. 85. árg. bls. 16).

Leita eftir 500 milljóna króna fjármögnun. (1997). Morgunblaðið 31. ágúst. (196. tbl. 85. árg. bls. B21).

Íslandsáhugi meðal erlendra áhættufjárfesta. (1997). Morgunblaðið 11. september. (205. tbl. 85. árg. bls. C4).

Íslenskum fjárfestum boðin bréf. (1997). Morgunblaðið 20. september (213. tbl. 85. árg. bls. 18 og 56).

Time fjallar um Íslenska erfðagreiningu. (1997). Morgunblaðið 26. september (218. tbl. 85. árg. bls. 10).

Stefnt að áframhaldandi meirihlutaeigu Íslendinga. (1997). Morgunblaðið 27. september (219. tbl. 85. árg. bls. 16).

Undrabarnið. (1997). Frjáls verslun. (10. tbl. 58. árg. bls. 52-55).

„Hlýðni við lög og siðferðisreglur forsenda velgengni“. (1997). Morgunblaðið 18. nóvember. (263. tbl. 85. árg. bls. 4).

Vísa ásökunum um misnotkun upplýsinga á bug. (1997). Morgunblaðið 18. nóvember. (263. tbl. 85. árg. bls. 72).

Umdeild tölvuvæðing sjúkraskráa. (1997). Morgunblaðið 19. nóvember. (264. tbl. 85. árg. bls. 12).

Starfsmönnum fjölgaði úr 20 í 90 á fyrsta starfsári. (1997). Morgunblaðið 20. nóvember. (265. tbl. 85. árg. bls. 6).

Forvígismönnum OZ falin stefnumótun. (1997). Morgunblaðið 28. nóvember. (272. tbl. 85. árg. bls. 8).

Erlendir sérfræðingar munu veita ráðgjöf. (1997). Morgunblaðið 30. nóvember. (274. tbl. 85. árg. bls. 2).

Víkverji skrifar ... (1997). Morgunblaðið 2. desember (275. tbl. 85. árg. bls. 56).

„Var handviss um að við hefðum heimild til að nota listann“. (1998). Morgunblaðið 29. janúar. (23. tbl. 86. árg. bls. 12).

Ferli sem Tölvunefnd setti upp ekki fylgt. (1998). Morgunblaðið 29. janúar. (23. tbl. 86. árg. bls. 12).

Rannsóknir og persónuupplýsingar. (1998). Morgunblaðið 30. janúar. (24. tbl. 86. árg. bls. 30).

- Fimm ára og 15 milljarða króna rannsóknasamningur. (1998). Morgunblaðið 3. febrúar. (27. tbl. 86. árg. bls. 30-31).
- Undraverður árangur. (1998). Morgunblaðið 3. febrúar. (27. tbl. 86. árg. bls. 30-31).
- Fær þrjú milljarða króna á ári næstu fimm árin. (1998). Morgunblaðið 3. febrúar. (27. tbl. 86. árg. bls. 60).
- Starfsfólks leitað um allan heim. (1998). Morgunblaðið 5. febrúar. (29. tbl. 86. árg. bls. 2).
